



Efnisyfirlit

Stjórn Badmintonsambands Íslands	4
Starfsmenn.....	4
Starfandi nefndir	4
Frá formanni.....	5
Viðburðir starfsársins	7
Færslur á milli flokka á starfsárinu	21
Úrslit móta á starfsárinu.....	22
Deildakeppni BSÍ 2017	22
Íslandsmót unglunga 2017	22
Meistaramót Íslands 2017	24
Landsliðsmál	27
<i>Afrekshópur – Lettland og Litháen.....</i>	<i>27</i>
<i>U19 HM 2016 – Bilbao á Spáni.....</i>	<i>29</i>
Skýrslur aðildafélaga	34
<i>Tennis- og badmintonfélag Siglufjarðar.....</i>	<i>34</i>
<i>Badmintondeild KR.....</i>	<i>37</i>
<i>Badmintondeild Aftureldingar</i>	<i>39</i>
<i>Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur.....</i>	<i>41</i>
<i>Badmintonfélag Hafnarfjarðar</i>	<i>45</i>
<i>Badmintonfélag Akraness</i>	<i>50</i>
<i>Samherjar.....</i>	<i>58</i>
<i>Hamar.....</i>	<i>60</i>
<i>UMF Skallagrímur</i>	<i>62</i>
Skýrsla Fræðslunefndar 2016 – 2017	65
Skýrsla Mótanefndar 2016 – 2017.....	67
Skýrsla Afreks- og landsliðsnefndar 2016 – 2017	68
Iceland International 2017	69
Deildakeppni BSÍ 2017.....	71
Frá FIBA 2016 – 2017	73
Keppendur fyrir Ísland 2007 – 2017 í unglingalandsleikjum 16 ára og yngri – U17.....	74
U17 Unglingalandsleikir 2007 – 2017	75
Keppendur fyrir Ísland 1981 – 1991 í unglingalandsleikjum 18 ára og yngri – U19.....	75
Keppendur fyrir Ísland 1990 – 2002 í unglingalandsleikjum 18 ára og yngri – U19.....	76
Keppendur fyrir Ísland 2003 – 2017 í unglingalandsleikjum 18 ára og yngri – U19.....	77
U19 Unglingalandsleikir 1981 – 2017	78
Keppendur fyrir Ísland í landsleikjum 1973 – 1985	83
Keppendur fyrir Ísland í landsleikjum 1986 – 2002	83
Keppendur fyrir Ísland í landsleikjum 2003 – 2017	84
A-Landsleikir 1973 – 2017.....	85



Íslandsmeistarar í badminton 1949-2017	93
<i>Einliðaleikur karla.....</i>	<i>93</i>
<i>Einliðaleikur kvenna</i>	<i>94</i>
<i>Tvíliðaleikur karla.....</i>	<i>95</i>
<i>Tvíliðaleikur kvenna.....</i>	<i>96</i>
<i>Tvenndarleikur</i>	<i>97</i>
Ársreikningur 2016.....	98



Stjórn Badminton sambands Íslands 2016 – 2017

Kristján Daníelsson, formaður
Guðrún Björk Gunnarsdóttir, varaformaður
Vignir Sigurðsson, gjaldkeri
Hrund Guðmundsdóttir, ritari
Helgi Jóhannesson, meðstjórnandi
Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi
Ívar Oddsson, meðstjórnandi og tengiliður leikmanna

Starfsmenn 2016 – 2017

Margrét Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri
Tinna Helgadóttir, landsliðsþjálfari
Helgi Jóhannesson, aðstoðarlandsliðsþjálfari
Atli Jóhannesson, aðstoðarlandsliðsþjálfari

Starfandi nefndir 2016 – 2017

Endurskoðendur

Helena Óskarsdóttir
formaður
Hörður Þorsteinsson
Frímann Ari Ferdinandsson, varamaður
Steinar Petersen, varamaður

Afreks- og landsliðsnefnd

Frímann Ari Ferdinandsson,
Kristján Daníelsson
Ívar Oddsson

Mótanefnd

Guðrún Björk Gunnarsdóttir, formaður
formaður
Helgi Jóhannesson
Irena Rut Jónsdóttir
Ívar Oddsson
Laufey Sigurðardóttir
Sólveig Ósk Jónsdóttir

Fræðslu- og útbreiðslunefnd

Anna Lilja Sigurðardóttir,
Frímann Ari Ferdinandsson
Hrund Guðmundsdóttir
Birgitta Rán Ásgeirsdóttir

Dómaranefnd

Laufey Sigurðardóttir

Frá formanni

Kristján Daníelsson

Formaður Badmintonsambands Íslands



Keppnistímabilinu 2016 – 2017 er nú lokið eftir góðan vetur þar sem við höfum fylgst með ungu krökkunum okkar taka miklum framförum og eiga hörkuleiki við þá sem eldri eru og reyndari. Við höfum orðið vitni af mörgum afrekum á árinu og horft á badmintonspilarana okkar í spennandi viðureignum og skemmtilegum leikjum.

Badmintonsamband Íslands hélt Iceland International mótið í janúar. Mjög góð þátttaka var í fjölda erlendra keppenda eins og vant er. Mótið, sem var hluti af Reykjavík International Games, var einstaklega vel heppnað og mikil ánægja var með það. Alls tóku 88 erlendir keppendur þátt frá 23 þjóðlöndum. Iceland International er stærsta landsliðsverkefni okkar en þá fá okkar sterkustu spilarar að etja kappi við erlenda mótherja og sú reynsla er mikilvæg. Verðlaunafé í mótinu er 8.000 dollarar og fer hækkandi ár frá ári. Mótið er lang viðamesta verkefni sambandsins í mótahaldi og jafnframt það kostnaðarsamasta. RÚV sýndi frá úrslitaleikjum Iceland International.

Deildakeppnin og Íslandsmótin, Íslandsmót unglunga og Meistaramót Íslands, eru einnig hápunktir vetrarins. Íslandsmót unglunga var haldið í samstarfi við TBR og gekk samstarfið prýðilega og mótið var í alla staði glæsilegt. Badmintonsambandið hélt Meistaramótið í TBR og var umgjörð mótsins hin glæsilegasta eins og vanalega. RÚV sýndi frá úrslitaleikjum í meistaraflokki en í ár var mótið hluti af Meistaradögum á RÚV. Íslandsmót unglingaliða féll niður í vor en halda átti mótið í lok mars, í samstarfi við BH eins og vant er. Ekki náðist í nægjanlega mörg lið til að hægt væri að halda mótið og eins og staðan er nú á að reyna aftur í haust.

Síðastliðið sumar fóru þrjár æfingabúðir fram fyrir afrekskrakka í badminton. Samstarfs-verkefni við Færeyjar og Grænland, North Atlantic Camp, sem hefur staðið í átta ár og að þessu sinni voru búðirnar, sem eru fyrir aldurshópa U13 – U17, haldnar á Íslandi. Yfirþjálfari var Boxiao Pan unglingalandsliðsþjálfari Svíþjóðar. Badmintonfélag Akraness hélt búðirnar í samstarfi við BSÍ og kunnum við þeim góðar þakkir fyrir. Nordic Camp æfingabúðirnar, fyrir aldurshópinn U15, voru í Svíþjóð. Evrópusumarskólinn, fyrir aldurshópinn U17, var haldinn í Slóveníu. Sumarið 2017 verða æfingabúðirnar North Atlantic Camp í Færeyjum, Nordic Camp í Noregi og Evrópusumarskólinn aftur í Slóveníu.

Einn dómari, Sólveig Ósk Jónsdóttir, fór til Írlands í desember og dæmdi þar á Alþjóðlega írska mótinu. Hún fór jafnframt til Litháen í júní á dómaramámskeið á vegum Badminton Europe.

Laufey Sigurðardóttir sat yfirþjálfaranámskeið á vegum Badminton Europe í Bergíu í september. Hún var aðstoðaryfirdómari á Iceland International á árinu og síðar á þessu ári mun hún verða aðstoðaryfirdómari á Finnish Junior mótinu og hljóta, eftir það,

réttindi sem yfirdómari á mótum innan mótaraðar Badminton Europe.

Nýr aðstoðarlandsliðsþjálfari, Atli Jóhannesson, var ráðinn til starfa í september. Hann er Tinnu Helgadóttur landsliðsþjálfara til aðstoðar og mun einblína á þjálfun yngri landsliða sem og að vera Tinnu til aðstoðar með eldri landsliðin og Afrekshóp.

U19 landsliðið tók þátt í HM U19 landsliða og einstaklinga í Bilbao á Spáni í nóvember. U17 landsliðið mun taka þátt í Danish Junior Open í maí og við sendum stóran hóp á það mót í ár eða alls 12 leikmenn. Kjartan Ágúst Valsson mun fara með hópnum til Danmerkur.

Dominos er aðalsamstarfsaðili Badmintonsambandsins og eru mótaraðirnar nefndar Dominosmótaröðin og Dominos unglingamótaröðin. Við kunnum þeim bestu þakkir fyrir sem og öllum okkar styrktaraðilum og þá sér í lagi Toyota. Stuðningur fyrirtækja er sambandinu nauðsynlegur sem og fjárstuðningur ríkisins og Íþróttá- og Ólympíu-sambandsins og Lottósins.

TBR er samstarfsaðili BSÍ í tengslum við æfingahelgar og nýtt fyrirkomulag landsliðsmála og kunnum við þeim góðar þakkir fyrir samstarfið.

Aðildarfélögum Badmintonsambandsins þakka ég fyrir liðið starfsár og við hlökkum til að vinna áfram saman að framgangi íþróttarinnar okkar á næsta starfsári.

Með framtíðina í huga vona ég að við getum öll unnið saman fyrir íþróttina okkar með það fyrir augum að efla hana og útbreiða. Vinnum saman að því að gera gott starf betra.

Ég þakka badmintonfólki fyrir veturinn og hlakka til að vinna með því áfram. Ég þakka fjölskyldum keppnisfólks okkar sem fylgjast með öllum mótum vetrarins og hvetja sitt fólk. Þá þakka ég starfsfólki og stjórnarmönnum sambandsins fyrir samstarfið á árinu.

Kristján Daníelsson

Formaður Badmintonsambands Íslands

Viðburðir starfsársins

Maí

Ársmeting Badmintonsambands Íslands var haldið í maí. Þetta 48. þing fór í alla staði vel fram og var því stýrt vel og örugglega af þingforsetanum Herði Þorsteinssyni. Fulltrúar frá sjö héraðssamböndum og Íþróttabandalögum sóttu þingið. Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir, Valgeir Magnússon og Þórhallur Einisson gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa en Guðrún Björk Gunnarsdóttir, Helgi Jóhannesson og Vignir Sigurðsson sitja áfram í stjórn auk Kristjáns Daníelssonar formanns. Nýir í stjórn eru Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, Hrund Guðmundsdóttir og Ívar Oddsson sem öll voru kosin til tveggja ára. Stjórn Badmintonsambands Íslands 2016-2018 skipa því eftirfarandi einstaklingar: Kristján Daníelsson, formaður, Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, Guðrún Björk Gunnarsdóttir, Helgi Jóhannesson, Hrund Guðmundsdóttir, Ívar Oddsson og Vignir Sigurðsson. Birgir Þór Birgisson framkvæmdastjóri Dominos veitti stigahæstu leikmönnum meistaraflokks í Dominosdeildinni verðlaun fyrir tímabilið 2014-2015 og 2015-2016. Verðlaunin fyrir tímabilið 2014-2015 hlutu: Í einliðaleik Sara Högnadóttir TBR og Atli Jóhannesson TBR, í tvíliðaleik Sara Högnadóttir og Rakel Jóhannesdóttir TBR, Atli Jóhannesson og Daníel Thomsen TBR og í tvenndarleik Snjólaug Jóhannsdóttir og Daníel Thomsen TBR. Verðlaunin fyrir tímabilið 2015-2016 hlutu: Í einliðaleik Margrét Jóhannsdóttir TBR og Kári Gunnarsson TBR, í tvíliðaleik Snjólaug Jóhannsdóttir og Rakel Jóhannesdóttir TBR, Atli Jóhannesson og Davíð Bjarni Björnsson TBR og í tvenndarleik Margrét Jóhannsdóttir og Daníel Thomsen TBR. Tekin voru fyrir málefni sem lágu fyrir þinginu. Lagabreytingartillögur voru samþykktar en ný lög Badmintonsambandsins má nálgast á heimasíðu sambandsins. Afreksstefna fyrir árin 2016 - 2024 var tekin fyrir á þingi og samþykkt. Stefnuna má einnig nálgast á heimasíðu sambandsins.

Tinna Helgadóttir valdi þátttakendur fyrir Íslands hönd í North Atlantic æfingabúðirnar sem verða haldnar á Íslandi í júlí. Hún valdi: Maríu Rún Ellertsdóttur ÍA, Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH, Stefán Árna Arnarsson TBR, Ragnheiði Birnu Ragnarsdóttur TBR, Andreu Nilsdóttur TBR, Þórð Skúlason BH, Höllu Maríu Gústafsdóttur BH og Baldur Einarsson TBR. Þjálfaranámskeið verður haldið á sama tíma en fyrir Íslands hönd taka Þorkell Ingi Eriksson og Anna Margrét Guðmundsdóttir þátt í því.

Júní

Afrekshópur Badmintonsambands Íslands tók þátt í Alþjóðlega litháenska og Alþjóðlega lettneska mótunum í júní. Á milli mótanna fóru þau til Danmerkur og æfðu þar undir stjórn Tinnu Helgadóttur landsliðsþjálfara.

TBR tók þátt í í Evrópukeppni félagsliða í júní en keppnin fór fram í Tours í Frakklandi.

Júlí

Sumarskóli Badminton Europe fór að þessu sinni fram í Slóveníu annað árið í röð en þetta er í 34. skipti sem skólinn er haldinn. Fimm þátttakendur fóru frá Íslandi, Harpa

Kristný Sturlaugsdóttir ÍA, Þórunn Eylands TBR, Bjarni Þór Sverrisson TBR, Einar Sverrisson TBR og Eysteinn Högnason TBR. Irena Rut Jónsdóttir ÍA fór með hópnum sem fararstjóri. Alls tóku 56 leikmenn þátt í skólanum auk 29 þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið á sama tíma.

North Atlantic æfingabúðirnar fóru fram á Akranesi í júlí en þetta var í áttunda sinn sem búðirnar eru haldnar fyrir afrekskrakka í badminton frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Æfingarnar voru strembnar og krefjandi og stóðu frá morgni til kvölds með stuttum matarpásam. Þá var einnig farið í badmintonleiki. Einn daginn var farið í ferðalag. Þá heimsóttu þátttakendur Gullfoss, Geysi og Þingvelli. Svo var endað í skógræktinni á Akranesi og þar var grillað og farið í leiki. Þátttakendur voru 23 talsins auk þess sem sjö þjálfarar sóttu þjálfaranámskeið. Yfirþjálfarar voru Boxiao Pan frá Svíþjóð og Tinna Helgadóttir. Þátttakendur frá Íslandi voru María Rún Ellertsdóttir ÍA, Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH, Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR, Andrea Nilsdóttir TBR, Þórður Skúlason TBR, Halla María Gústafsdóttir BH, Baldur Einarsson TBR og Stefán Árni Arnarsson TBR. Meðfram búðunum var haldið þjálfaranámskeið sem Anna Margrét Guðmundsdóttir BH, Irena Rut Jónsdóttir ÍA og Þorkell Ingi Eriksson TBR tóku þátt í. Við þökkum Badmintonfélagi Akraness kærlega fyrir að halda búðirnar.

Badmintonsamband Íslands bauð leikmönnum fæddum á árunum 2000 - 2007 að skrá sig í þriggja daga æfingabúðir í lok júlí. Búðirnar fóru fram í TBR. Leikmenn sem voru á meðal fjögurra stigahæstu leikmanna í einliðaleik á styrkleikalista unglunga, í sínum árangri, höfðu möguleika á að skrá sig en í boði voru 32 pláss, fjögur á hvern árgang. Í æfingabúðunum var lögð áhersla á tækniæfingar, fótaborð og líkamlegt atgervi. Þjálfarar voru Tinna Helgadóttir og Jeppe Ludvigsen frá Danmörku.

Ágúst

Tinna Helgadóttir valdi í Afrekshóp Badmintonsambandsins í byrjun ágústmánaðar. Valið gildir til janúar 2017. Eftirtaldir leikmenn voru valdir í hópinn: Arna Karen Jóhannsdóttir TBR, Harpa Hilmisdóttir BH, Margrét Jóhannsdóttir TBR, Raket Jóhannesdóttir TBR, Sara Högnadóttir TBR, Sigríður Árnadóttir TBR, Þórunn Eylands TBR, Davíð Bjarni Björnsson TBR, Eiður Ísak Broddason TBR, Jónas Baldursson TBR og Kristófer Darri Finnsson TBR.

Nordic Camp æfingabúðirnar fóru fram í Malmö í Svíþjóð í ágúst. Fyrir hönd Íslands tóku þátt Andri Broddason TBR, Brynjar Már Ellertsson ÍA, Magnús Daði Eyjólfsson KR, Karolina Prus KR, Katrín Vala Einarsdóttir BH og Una Hrund Örvar BH. Anna Margrét Guðmundsdóttir þjálfari BH og Þorkell Ingi Eriksson TBR fóru á þjálfaranámskeið sem var haldið meðfram búðunum. Yfirþjálfari var Boxiao Pan unglíngalandsliðsþjálfari Svíþjóðar.

Badmintonsamband Íslands stóð fyrir þjálfaranámskeiði 27. - 28. ágúst. Námskeiðið fór fram í TBR. Áhersla var lögð á þjálfun yngri barna, hæfileikamótun og æfingaumhverfi. Kennari á námskeiðinu var Tinna Helgadóttir. Námskeiðið var mjög vel sótt og mikil ánægja var á meðal þátttakenda með námskeiðið.

September

Sjö keppendur frá Íslandi tóku þátt í Slovak Open í september; Margrét Jóhannsdóttir, Arna Karen Jóhannsdóttir, Sigríður Árnadóttir, Davíð Bjarni Björnsson, Eiður Ísak Broddason, Jónas Baldursson og Kristófer Darri Finnsson. Þau æfa öll með TBR. Í mótinu var spilað eftir stigakerfi þar sem þarf að vinna þrjár lotur upp í 11 og með tveggja stiga muni. Eiður Ísak lék í forkeppni einliðaleiks karla gegn Filimon Collins-Valentine frá Rúmeníu og tapaði naumlega 8-11, 12-10 og 9-11. Davíð Bjarni tapaði fyrir Miha Ivancic frá Slóveníu 4-11, 4-11 og 12-14. Margrét Jóhannsdóttir vann sig inn í aðalkeppnina eftir að hafa unnið Katarina Neudolt frá Austurríki 10-12, 11-5, 11-8 og 11-7. Í öðrum leik forkeppninnar vann Margrét Ema Cizelj frá Slóveníu 11-8, 10-12, 14-12 og 11-9. Sigríður tapaði fyrsta leik sínum í forkeppninni fyrir Mariya Rud frá Úkraínu 1-11, 4-11 og 6-11. Arna Karen tapaði einnig fyrsta leik sínum gegn Nika Arih frá Slóveníu 0-11, 5-11 og 7-11. Í aðalkeppninni mætti Margrét Lydia Jane Powell frá Englandi. Margrét laut í lægra haldi fyrir henni eftir hörkuleik 11-9, 6-11, 13-11, 11-13 og 3-11. Eiður Ísak og Jónas kepptu í forkeppni tvíliðaleiks karla gegn Dean Brabec frá Tékklandi og töpuðu naumlega 9-11, 13-11, 8-11, 11-8 og 6-11. Arna Karen og Sigríður fóru beint inn í aðalkeppnina í tvíliðaleik kvenna og mættu í fyrstu umferð Solvar Flaten Jorgensen og Natalie Syvertsen frá Noregi. Þær töpuðu leiknum 8-11, 11-9, 7-11 og 5-11. Margrét lék tvíliðaleik með Martina Repiska frá Slóvakíu. Þær mættu í fyrstu umferð Magdalena Kulska og Zuzanna Parysz frá Póllandi og unnu 11-6, 11-, og 11-3. Þær mætu svo í annarri umferð pari sem er raðað númer tvö inn í greinina, Vytaute Fomkinaite og Gerda Voitechovskaja frá Litháen. Margrét og Repiska unnu þann leik 11-7, 11-6, 6-11 og 11-4. Eiður Ísak og Arna Karen léku tvenndarleik í forkeppninni gegn Jonty Russ og Zoe King frá Englandi. Þeir töpuðu 3-11, 10-12 og 6-11. Davíð Bjarni og Sigríður fóru beint inn í aðalkeppnina í tvenndarleik. Þau töpuðu þar fyrsta leik fyrir Miha Ivanic og Nika Arih frá Slóveníu 9-11, 5-11 og 3-11. Kristófer Darri og Margrét sátu hjá í fyrstu umferð aðalkeppninnar í tvenndarleik og léku fyrsta leik sinn gegn Callum Hemming og Fee Teng Liew frá Englandi. Þau töpuðu 3-11, 6-11 og 6-11. Margrét Jóhannsdóttir lék svo í átta liða úrslitum í tvíliðaleik ásamt meðspilara sínum, Martina Repiska frá Slóvakíu. Þær mættu úkraínsku stúlkunum Vladislava Lesnaya og Darya Samarchants. Margrét og Repiska lutu í lægra haldi 14-15, 3-11 og 6-11.

Alda Karen Jónsdóttir og Jóhannes Orri Ólafsson, sem bæði búa í Noregi, kepptu með félagi sínu á Irish U19 Open í september. Jóhannes keppti í einliðaleik karla gegn David Orteu frá Sviss og tapaði 8-21 og 10-21. Alda Karen sat hjá í fyrstu umferð og lék einliðaleik í annarri umferð gegn Beth Stephenson frá Írlandi. Alda tapaði 19-21 og 9-21. Jóhannes lék tvíliðaleik með Christoffer Hamnes frá Noregi gegn Andrija Kraljic og Brandon Tsang frá Skotlandi í annarri umferð eftir að hafa setið hjá í fyrstu umferð. Jóhannes og Hamnes töpuðu 16-21 og 14-21. Alda lék tvíliðaleik með Kristine Haakonseth frá Noregi. Þær sátu einnig hjá í fyrstu umferð og mættu í þeirri annarri Judith Petrikowski og Runa Plützer frá Þýskalandi en þeim er raðað númer eitt inn í greinina. Alda og Haakonseth töpuðu 13-21 og 17-21. Alda Karen lék tvenndarleik með Tobias Krömke frá Noregi. Þau sátu hjá í fyrstu umferð og mættu í þeirri annarri Oisin Dwyer og Sarah Pingree frá Írlandi. Þau unnu 21-15 og 21-9. Í þriðju umferð kepptu þau við Matthew Grimley og Toni Woods frá Skotlandi og lutu í lægra haldi í þeirri viðureign 17-21 og 13-21.

Fyrsta mót Dominos mótaraðar BSÍ, Einliðaleiksmót TBR, var í september. Eingöngu var keppt í meistaraflokki í einliðaleik. Eiður Ísak Broddason TBR bar sigur úr þítum í karlaflokki og Margrét Jóhannsdóttir TBR í kvennaflokki.

Annað mót Dominos mótaraðar BSÍ, Haustmót KR, var einnig í september. Mótið var tvíliða- og tvenndarleiksmót og keppt var í öllum flokkum. Í meistaraflokki unnu Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR í tvíliðaleik karla en Margrét Jóhannsdóttir og Sigríður Árnadóttir TBR í tvíliðaleik kvenna. Tvenndarleik meistaraflokks unnu Daníel Thomsen og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Í A-flokki sigruðu Bjarni Þór Sverrisson og Eysteinn Högnason TBR í tvíliðaleik karla. Í kvennaflokki sigruðu Guðrún Björk Gunnarsdóttir TBR og Hrund Guðmundsdóttir Hamri. Ekki var keppt í tvenndarleik í A-flokki. Í B-flokki karla unnu Egill Magnússon og Víðir Þór Prastarson Aftureldingu tvíliðaleik karla en ekki var keppt í tvíliðaleik kvenna í B-flokki. Tvenndarleik í B-flokki unnu Elís Þór Dansson TBR og Svanfríður Oddgeirsdóttir Aftureldingu.

Reykjavíkurmót unglunga var haldið í TBR í september. Mótið var hluti af Dominos unglingamótaröð Badminton sambandsins. Enginn leikmaður varð þrefaldur Reykjavíkur-meistari í ár. Átta einstaklingar urðu tvöfaldir Reykjavíkurmeistarar. Þau eru Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH (U13) í einliða- og tvíliðaleik, Gabríel Ingi Helgason BH (U13) í tvíliða- og tvenndarleik, María Rún Ellertsdóttir ÍA (U13) í einliða- og tvenndarleik, Gústav Nilsson TBR (U15) í einliða- og tvíliðaleik, Karolina Prus KR (U15) í tvíliða- og tvenndarleik, Katrín Vala Einarsdóttir BH (U15) í einliða- og tvíliðaleik, Eysteinn Högnason TBR (U17) í einliða- og tvíliðaleik og Þórunn Eylands TBR (U17) í einliða- og tvenndarleik. Aðrir Reykjavíkurmeistarar eru: Í einliðaleik: Haukur Gylfi Gíslason Samherjum (U19) og Harpa Hilmisdóttir BH (U19). Í tvíliðaleik: Lilja Bu TBR (U13), Sigurbjörg Árnadóttir TBR (U13), Stefán Árni Arnarsson TBR (U15), Halla María Gústafsdóttir BH (U17), Una Hrund Örvar BH (U17), Bjarni Þór Sverrisson TBR (U17), Atli Tómasson TBR (U19) og Davíð Bjarni Björnsson TBR (U19). Í tvenndarleik: Sigurður Patrik Fjalarsson KR (U15) og Einar Sverrisson TBR (U17).

Þriðja mót Dominos mótaraðar BSÍ, Atlamót ÍA, var í september. Í meistaraflokki vann Róbert Þór Henn TBR í einliðaleik karla og Arna Karen Jóhannsdóttir TBR í einliðaleik kvenna. Í tvíliðaleik karla sigruðu Kristófer Darri Finnsson og Davíð Bjarni Björnsson TBR. Sigurvegarar í tvíliðaleik kvenna voru Anna Margrét Guðmundsdóttir og Harpa Hilmisdóttir BH. Í tvenndarleik sigruðu Davíð Bjarni Björnsson TBR og Harpa Hilmisdóttir BH. Í A-flokki sigraði Haukur Gylfi Gíslason Samherjum í einliðaleik karla. Í einliðaleik kvenna vann Ingibjörg Sóley Einarsdóttir BH. Tvíliðaleik karla unnu Elvar Már Sturlaugsson ÍA og Haukur Gylfi Gíslason Samherjum og tvíliðaleik kvenna unnu Harpa Kristný Sturlaugsdóttir ÍA og Ingibjörg Rósa Jónsdóttir UMFS. Í tvenndarleik sigruðu Elvar Már Sturlaugsson ÍA og Elín Ósk Traustadóttir BH. Í B-flokki vann Brynjar Már Ellertsson ÍA einliðaleik karla. Björk Orradóttir TBR stóð uppi sem sigurvegari í einliðaleik kvenna. Tvíliðaleik karla unnu Elís Þór Dansson TBR og Símon Orri Jóhannsson ÍA. Ekki var keppt í tvíliðaleik kvenna í B-flokki. Í tvenndarleik unnu Tómas Andri Jörgensson og Irena Rut Jónsdóttir ÍA.

Atli Jóhannesson var ráðinn aðstoðarlandsliðsþjálfari í september og hann hóf störf í október. Atli er fæddur árið 1988 og lauk stúdentsprófi frá FG árið 2008. Hann er með B.sc. gráðu í íþróttافرæði frá Háskóla Íslands og er í mastersnámi í sama fagi við Háskóla Íslands. Hann hóf badmintonferil sinn fimm ára gamall og spilaði allan feril sinn fyrir TBR. Hann var færður í meistaraflokk 17 ára og hefur spilað fyrir Íslands hönd með U17, U19 ára og A-landsliðum Íslands. Atli hefur spilað yfir 30 A-landsleiki fyrir Íslands hönd. Hann hefur unnið fjóra Íslandsmeistaratitla í meistaraflokki og fjölda Íslandsmeistaratitla í unglingaflokkum. Atli mun vinna náið með Tinnu Helgadóttur landsliðsþjálfara. Hann mun einbeita sér að yngstu unglingalandsliðshópunum auk þess sem hann kemur að þjálfun eldri landsliðshópa og Afrekshópi BSÍ.

Tinna Helgadóttir landsliðsþjálfari valdi hópinn sem tók þátt í Heimsmeistaramóti U19 ungmenna sem fór fram í Bilbao á Spáni dagana 2. - 13. nóvember. Mótið er bæði liða- og einstaklingskeppni. Liðakeppnin fór fram 2. - 6. og einstaklingskeppnin 8. - 13. nóvember. Íslenska U19 landsliðið skipuðu Atli Tómasson TBR, Davíð Bjarni Björnsson TBR, Alda Karen Jónsdóttir TBR (búsett í Noregi) og Þórunn Eylands TBR.

Október

Unglingamót TBS var haldið á Siglufirði í október. Keppt var í öllum greinum í aldursflokkum U11 til U17. Mótið var hluti af Dominos unglingamótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista. Í flokki U11 snáða vann Máni Berg Ellertsson ÍA og í flokki snóta vann Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH. Í tvíliðaleik í flokki U11 unnu Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir og Isabella Ósk Stefánsdóttir TBS. Í flokki U13 vann Gabríel Ingi Helgason BH í einliðaleik hnokka og María Rún Ellertsdóttir ÍA TBR vann í einliðaleik táta. Gabríel Ingi Helgason og Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH unnu tvíliðaleik hnokka og Anna Brynja Agnarsdóttir og Halldóra Helga Sindradóttir TBS unnu í tvíliðaleik táta. Tvenndarleik í flokki U13 unnu Gabríel Ingi Helgason BH og María Rún Ellertsdóttir ÍA. Gabríel Ingi vann því þrefalt á mótinu. Í flokki U15 vann Sigurður Patrik Fjalarsson KR í einliðaleik sveina og Katrín Vala Einarsdóttir BH vann einliðaleik meyja. Tvíliðaleik sveina unnu Steinþór Emil Svavarsson og Freyr Víkingur Einarsson BH og tvíliðaleik meyja unnu Anna Alexandra Petersen og Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR. Tvenndarleik í flokki U15 unnu Steinþór Emil Svavarsson og Katrín Vala Einarsdóttir BH. Í flokki U17 vann Einar Sverrisson TBR í einliðaleik drengja. Andrea Nilisdóttir TBR vann í einliðaleik telpna. Í tvíliðaleik drengja unnu Daníel Ísak Steinarsson BH og Einar Sverrisson TBR. Tvíliðaleik telpna unnu Andrea Nilisdóttir og Sigríður Ása Guðmarsdóttir TBR. Í tvenndarleik í flokki U17 unnu Daníel Ísak Steinarsson BH og Andrea Nilisdóttir TBR. Andrea vann því þrefalt á mótinu.

Í október var undirritaður áframhaldandi samstarfssamningur milli Dominos og Badmintonsambandsins. Dominos verður áfram aðalstyrktaraðili Badmintonsambands Íslands næsta árið og munu báðar mótaraðir BSÍ, fullorðins- og unglingamótaraðirnar, bera nafn Dominos.

Fjórða mót Dominosmótaraðar BSÍ, TBR Opið, var einnig í október. Keppt var í öllum greinum í meistaraflokki, A- flokki og B-flokki. Kristófer Darri Finnsson TBR sigraði einliðaleik karla í meistaraflokki og Margrét Jóhannsdóttir TBR vann einliðaleik kvenna.

Tvíliðaleik karla unnu Kristófer Darri Finnsson og Davíð Bjarni Björnsson TBR og tvíliðaleik kvenna unnu Margrét Jóhannsdóttir og Sunna Ösp Runólfsdóttir TBR. Tvenndarleik í meistaraflokki unnu Daníel Thomsen og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Margrét Jóhannsdóttir vann því þrefalt á mótinu. Í A-flokki sigraði Bjarni Þór Sverrisson TBR í einliðaleik karla. Einliðaleik kvenna vann Eyrún Björg Guðjónsdóttir BH. Tvíliðaleik karla unnu Jón Sigurðsson TBR og Þórhallur Einisson Hamri en tvíliðaleik kvenna unnu Guðrún Björk Gunnarsdóttir TBR og Hrund Guðmundsdóttir Hamri. Tvenndarleikinn unnu Þórhallur Einisson og Hrund Guðmundsdóttir Hamri. Elís Þór Dansson TBR sigraði í einliðaleik karla í B-flokki og Ingibjörg Rósa Jónsdóttir UMFS vann í einliðaleik kvenna. Tvíliðaleik karla unnu Axel Örn Sæmundsson UMF Þór og Egill Magnússon Aftureldingu. Ekki var keppt í tvíliðaleik kvenna í B-flokki. Tvenndarleikinn unnu Brynjar Már Ellertsson ÍA og Ingibjörg Rósa Jónsdóttir UMFS.

Vetrarmót TBR var haldið í október. Keppt var í öllum greinum í aldursflokkum U13 til U19. Mótið var hluti af Dominos unglingamótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista. Í flokki U13 vann Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH í einliðaleik hnokka og Sigurbjörg Árnadóttir TBR vann í einliðaleik táta. Í tvíliðaleik hnokka unnu Gabríel Ingi Helgason og Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH. Tvíliðaleik táta unnu Lilja Bu og Sigurbjörg Árnadóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Gabríel Ingi Helgason BH og María Rún Ellertsdóttir ÍA. Sigurbjörg vann því þrefalt á mótinu. Í flokki U15 vann Steinþór Emil Svavarsson BH í einliðaleik sveina og Karolina Prus KR vann í einliðaleik meylla. Í tvíliðaleik sveina unnu Gústav Nilsson og Stefán Árni Arnarsson TBR og í tvíliðaleik meylla unnu Anna Alexandra Petersen og Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Stefán Árni Arnarsson og Anna Alexandra Petersen TBR. Í flokki U17 vann Eysteinn Högnason TBR í einliðaleik drengja og Halla María Gústafsdóttir BH vann í einliðaleik telpna. Í tvíliðaleik drengja unnu Bjarni Þór Sverrisson og Eysteinn Högnason TBR. Í tvíliðaleik telpna unnu Halla María Gústafsdóttir og Una Hrund Örvar BH. Í tvenndarleik unnu Einar Sverrisson og Þórunn Eylands TBR. Í flokki U19 vann Andri Árnason TBR í einliðaleik pílta og í einliðaleik stúlkna vann Þórunn Eylands TBR. Í tvíliðaleik pílta unnu Andri Árnason og Atli Tómasson TBR og í tvíliðaleik stúlkna unnu Margrét Dís Stefánsdóttir og Þórunn Eylands TBR. Í tvenndarleik unnu Kristinn Breki Hauksson Aftureldingu og Eyrún Björg Guðjónsdóttir BH.

Setmót KR var í október. Mótið er hluti af Dominosmótaröð Badmintonsambandsins og gefur stig á styrkleikalista. Í meistaraflokki vann Kristófer Darri Finnson TBR í einliðaleik karla. Í tvíliðaleik karla unnu Kristófer Darri Finnsson og Davíð Bjarni Björnsson TBR. Einliðaleik kvenna vann Margrét Jóhannsdóttir TBR. Tvíliðaleik kvenna unnu Margrét Jóhannsdóttir og Sunna Ösp Runólfsdóttir TBR. Tvenndarleik unnu Daníel Thomsen og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Margrét vann því þrefalt á mótinu. Í A-flokki vann Elvar Már Sturlaugsson ÍA einliðaleik karla en einliðaleik kvenna vann Sunna Karen Ingvarsdóttir Aftureldingu. Tvíliðaleik karla unnu Bjarni Þór Sverrisson og Eysteinn Högnason TBR. Tvíliðaleik kvenna unnu Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir og Guðrún Björk Gunnarsdóttir TBR. Tvenndarleik A-flokks unnu Egill Sigurðsson og Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir TBR. Elís Þór Dansson TBR vann í einliðaleik karla í B-flokki og Karolina Prus KR vann í einliðaleik kvenna. Tvíliðaleik karla unnu Elís Þór Dansson TBR og Símon Orri Jóhannsson ÍA. Tvíliðaleik kvenna unnu Berglind

Magnúsdóttir og Karolina Prus KR. Tvenndarleikinn unnu Víðir Þór Prastarson og Arndís Sævarsdóttir Aftureldingu.

Margrét Gunnarsdóttir sat fund hjá Badmintonsamböndum allra Norðurlandanna en hann var haldinn í Danmörku í október.

Margrét Jóhannsdóttir tók þátt í Alþjóðlega svissneska mótinu sem fór fram í Yverdon-les-Bains í Sviss í október. Margrét lék gegn Emilie Aalestrup frá Danmörku og laut í lægra haldi fyrir henni 14-21 og 17-21.

Ísland lék vináttulandsleik gegn Færeyjum í október í Þórshöfn í Færeyjum. Landslið Íslands skipuðu Eiður Ísak Broddason, Jónas Baldursson, Arna Karen Jóhannsdóttir og Harpa Hilmisdóttir. Eiður, Jónas og Arna eru í TBR en Harpa er í BH. Ísland vann 7-1. Eiður Ísak lék fyrsta einliðaleik karla gegn Magnus Dal-Christiansen og vann 21-11, 21-15. Jónas lék annan einliðaleik karla gegn Rani i Bø og vann 21-18, 21-9. Arna Karen Jóhannsdóttir lék fyrsta einliðaleik kvenna gegn Kristina Eriksen og vann 21-8, 21-9. Harpa mætti Gunnva Jacobsen í öðrum einliðaleik kvenna og vann 21-18, 21-17. Eiður og Jónas kepptu tvíliðaleik karla og mættu í honum Magnus Dal-Christiansen og Rani í Bø og þeir unnu 21-10, 21-16. Í tvíliðaleik kvenna öttu Arna og Harpa kappi við Sólfríð Hjörleifsdóttir og Simone Romme. Arna og Harpa unnu eftir oddalotu 21-11, 16-21, 22-20. Fyrsta tvenndarleik léku Jónas og Arna Karen. Þau mættu Rani í Bø og Kristina Eriksen og unnu 21-14, 21-13. Eina viðureignin sem Ísland vann ekki var tvenndarleikur sem Eiður og Harpa léku gegn Magnus Dal-Christiansen og Gunnva Jakobsen en leikurinn fór í odd sem endaði með sigri þeirra færeysku 21-15, 18-21, 21-15.

Nóvember

U19 landslið Íslands fór til Bilbao á Spáni og tók þátt í heimsmeistaramóti U19 landsliða og einstaklinga. Landsliðið skipuðu Alda Karen Jónsdóttir, Þórunn Eylands Harðardóttir, Atli Tómasson og Davíð Bjarni Björnsson. Þau eru öll í TBR en Alda Karen er búsett í Noregi. Auk þeirra fóru Tinna Helgadóttir landsliðsþjálfari og Atli Jóhannesson aðstoðarlandsliðsþjálfari í ferðina. Leikjum Íslands lauk svohljóðandi: Ísland 0 - 5 Slóvenía, Ísland 0 - 5 USA, Ísland 1 - 3 Lettland, Ísland 3 - 1 Suður-Afríka, Ísland 2 - 3 Rúmenía, Ísland 3 - 2 Færeyjar. Ísland lenti í 43. sæti á þessu HM ungmenna. Umfjöllun um ferðina má lesa hér aftar í ársskýrslunni.

Meistaramót BH var í nóvember. Mótið er hluti af Dominosmótaröð BSÍ og gefur stig á styrkleikalista. Keppt var í öllum greinum í meistaraflokki, A- flokki og B-flokki. Í meistaraflokki stóðu Jónas Baldursson TBR og Arna Karen Jóhannsdóttir TBR uppi sem sigurvegarar í einliðaleik. Tvíliðaleik karla sigruðu Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR og tvíliðaleik kvenna unnu systurnar María og Sigríður Árnadætur TBR. Tvenndarleik unnu Daníel Jóhannesson og Sigríður Árnadóttir TBR. Í A-flokki sigraði Einar Sverrisson TBR í einliðaleik karla og í einliðaleik kvenna vann Eyrún Björg Guðjónsdóttir BH. Tvíliðaleik karla sigruðu Geir Svanbjörnsson TBR og Þórhallur Einisson Hamri og tvíliðaleik kvenna unnu Anna Lilja Sigurðardóttir og Irena Ásdís Óskarsdóttir BH. Tvenndarleikinn unnu Þórhallur Einisson og Hrunn Guðmundsdóttir Hamri. Símon Orri Jóhannsson ÍA sigraði í einliðaleik karla í B-flokki og hin unga Júlíana

Karitas Jóhannsdóttir TBR vann í einliðaleik kvenna. Tvíliðaleik karla unnu Elís Þór Dansson TBR og Símon Orri Jóhannsson ÍA og tvíliðaleik kvenna unnu Ingibjörg Rósa Jónsdóttir UMFS og Irena Rut Jónsdóttir ÍA. Tvenndarleikinn unnu Brynjar Már Ellertsson ÍA og Ingibjörg Rósa Jónsdóttir UMFS.

Unglingamót Aftureldingar var að vanda haldið í nóvember. Keppt var í aldursflokkum U13 til U19. Mótið var hluti af Dominos unglingamótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista unglinga. Sigurvegarar á mótinu voru eftirtaldir: Í flokki U13 sigraði Gabríel Ingi Helgason BH í einliðaleik hnokka og María Rún Ellertsdóttir ÍA vann í einliðaleik táta. Í tvíliðaleik hnokka unnu Gabríel Ingi Helgason og Gabríel Ingi Helgason BH og í tvíliðaleik táta unnu Lilja Bu og Sigurbjörg Árnadóttir TBR. Í tvenndarleik unnu Gabríel Ingi Helgason BH og María Rún Ellertsdóttir ÍA. Gabríel Ingi vann því þrefalt á þessu móti. Í flokki U15 vann Steinþór Emil Svarsson BH í einliðaleik sveina og Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR vann í einliðaleik meyja. Í tvíliðaleik sveina unnu Gústav Nilsson og Stefán Árni Arnarsson TBR og í tvíliðaleik meyja unnu Berglind Magnúsdóttir og Karolina Prus KR. Í tvenndarleik unnu Steinþór Emil Svavarsson og Katrín Vala Einarsdóttir BH. Í flokki U17 vann Einar Sverrisson TBR í einliðaleik drengja og Halla María Gústafsdóttir BH sigraði í einliðaleik telpna. Í tvíliðaleik drengja unnu Bjarni Þór Sverrisson og Eysteinn Högnason TBR og tvíliðaleik telpna unnu Halla María Gústafsdóttir og Una Hrund Örvar BH. Í tvenndarleik unnu Bjarni Þór Sverrisson TBR og Una Hrund Örvar BH. Í flokki U19 var keppt í einliða- og tvíliðaleik pílta. Einliðaleikinn vann Símon Orri Jóhannsson ÍA. Tvíliðaleikinn unnu Kristinn Berki Hauksson Aftureldingu og Þórður Skúlason BH.

Tveir íslenskir leikmenn tóku þátt í Alþjóðlega norska mótinu í nóvember, Margrét Jóhannsdóttir og Jóhannes Orri Ólafsson en Jóhannes eru búsettur í Noregi. Jóhannes Orri keppti í forkeppni einliðaleiks karla gegn Markus Barth frá Noregi og tapaði 12-21, 9-21. Hann keppti einnig í tvíliðaleik ásamt félaganum sínum Martin Grötterud gegn Sturla Flaten Jorgensen og Carl Christian Mörk frá Noregi. Jóhannes Orri og Grötterud töpuðu 13-21, 9-21. Margrét Jóhannsdóttir lék einliðaleik. Hún fór beint inn í aðalkeppnina en lenti í fyrsta leik á móti Kate Foo Kune frá Maurítíus en henni er raðað númer eitt inn í greinina. Margrét átti góðan leik gegn Kune, sérstaklega seinni lotuna en hún tapaði samt leiknum 11-21, 16-21.

Desember

Dregið var í happdrætti Badmintonsambands Íslands í desember. Vinningar voru 30 talsins. Hægt er að nálgast vinningsnúmerin á heimasíðu sambandsins. BSÍ þakkar öllum þeim sem seldu miða fyrir sambandið og þeim sem keyptu miða kærlega fyrir stuðninginn. Tveir aðalvinningar gengu út að þessu sinni.

Jólamót unglinga var haldið í TBR. Eingöngu var keppt í einliðaleik í aldursflokkum U13 til U19. Mótið var hluti af Dominos unglingamótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista unglinga. Sigurvegarar á mótinu voru eftirtaldir: Í flokki U13 sigraði Gabríel Ingi Helgason BH í flokki hnokka og María Rún Ellertsdóttir ÍA í flokki táta. Í flokki U15 vann Sigurður Patrik Fjalarsson KR í flokki sveina og Katrín Vala Einarsdóttir BH í flokki meyja. Í flokki U17 vann Daníel Ísak Steinarsson BH í flokki

drengja og Halla María Gústafsdóttir BH vann í í flokki telpna. Í flokki U19 sigraði Símon Orri Jóhannsson ÍA í flokki pílta. Ekki var keppt í flokki stúlkna.

Kári Gunnarsson keppti á K & D Graphics mótinu í Los Angeles í desember. Kári mætti í fyrstu umferð Anibal Marroquin frá Guatemala. Marroquin er í 412. sæti heimslistans en Kári er í 308. sæti. Kári byrjaði rólega í fyrri lotunni og var 0-4 undir en jafnaði í 7-7. Kári var svo undir 18-20 og tapaði fyrri lotunni 19-21. Í seinni lotunni var Marroquin með forystu alla lotuna og vann hana 21-14. Kári var þar með úr leik í mótinu.

Æfingabúðir, landsliðsæfingar og mælingar á landsliðsfólki voru þónokkrar á árinu. Æfingar voru fyrir alla landsliðshópa um jólin, U11 – U19, A-landslið og Afrekshóp. Æfingarnar voru frá 27. desember til 30. desember. Tinna Helgadóttir og Atli Jóhannesson sáu um æfingarnar.

Janúar

Áttunda mót Dominosmótaraðar BSÍ, Meistaramót TBR 2017, var fyrsta mót nýs árs eins og vant er. Keppt var í öllum greinum í meistaraflokki, A- flokki og B-flokki. Í meistaraflokki vann Eiður Ísak Broddason TBR í einliðaleik karla og Margrét Jóhannsdóttir TBR í einliðaleik kvenna. Tvíliðaleik karla unnu Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR. Tvíliðaleik kvenna unnu Margrét Jóhannsdóttir og Sigríður Árnadóttir TBR. Tvenndarleikinn unnu Daníel Thomsen og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Í A-flokki sigraði Þórður Skúlason BH í einliðaleik karla og í einliðaleik kvenna vann Ingibjörg Sóley Einarsdóttir BH. Tvíliðaleik karla unnu Haraldur Guðmundson og Jón Sigurðsson TBR og Guðrún Björk Gunnarsdóttir TBR og Hrund Guðmundsdóttir Hamri unnu tvíliðaleik kvenna. Tvenndarleikinn unnu Jón Sigurðsson og Guðrún Björk Gunnardóttir TBR. Víðir Þór Þrastarson Aftureldingu sigraði í einliðaleik karla í B-flokki og Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR sigraði í einliðaleik kvenna. Tvíliðaleik karla unnu Axel Örn Sæmundsson UMF Þór og Víðir Þór Þrastarson Aftureldingu. Tvíliðaleik kvenna unnu Júlíana Karitas Jóhannsdóttir og Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR. Tvenndarleik unnu Víðir Þór Þrastarson og Harpa Gísladóttir Aftureldingu.

Valið var í Afrekshóp Badmintonsambandsins í janúar en það val gildir til júníloka. Afrekshópin skipa Arna Karen Jóhannsdóttir TBR, Harpa Hilmisdóttir BH, Margrét Jóhannsdóttir TBR, Sigríður Árnadóttir TBR, Þórunn Eylands Harðardóttir TBR, Daníel Jóhannesson TBR, Davíð Bjarni Björnsson TBR, Eiður Ísak Broddason TBR, Jónas Baldursson TBR og Kristófer Darri Finnsson TBR.

Fært var á milli flokka í janúar. Í A-flokk voru færðir Elís Þór Dansson TBR og Heiðar Sigurjónsson BH. Fært er á milli flokka tvisvar á ári, í janúar og í lok tímabils.

Iceland International mótið var hluti af Reykjavík International Games. Mótið er hluti af Evrópumótaröðinni og gefur stig á heimslista Alþjóða Badmintonsambandsins. Alls tóku 126 keppendur frá 23 löndum þátt í mótinu, 88 erlendir og 38 íslenskir. Umgjörð mótsins var öll hin glæsilegasta. Í einliðaleik karla vann Subhankar Dey frá Indlandi. Í einliðaleik kvenna vann Li Lian Yang frá Malasíu. Í tvíliðaleik karla stóðu Pawel

Pradzinski og Jan Rudzinski frá Póllandi uppi sem sigurvegarar. Tvíliðaleik kvenna unnu Li Lian Yang og Lyddia Yi Yu Cheach frá Malasíu. Tvenndarleik unnu Callum Hemming og Fee Teng Liew frá Englandi. Mótið var mjög vel heppnað en um 60 starfsmenn komu að framkvæmd mótsins. Ítarleg umfjöllun um Iceland International er aftar í ársskýrslunni.

Febrúar

RIG - Unglingameistaramót TBR var haldið fyrstu helgina í febrúar en mótið var einnig hluti af Reykjavík International Games 2017. Keppt var í öllum greinum í aldursflokkum U11 til U19. Mótið var hluti af Dominos unglingamótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista unglinga. Keppendur frá Færeyjum voru 71 talsins. Sigurvegarar á mótinu voru eftirtaldir: Keppt var í riðlum í flokki U11. Í flokki U11A snáða vann Lucas Gardar frá Færeyjum en hann vann alla sjö leiki sína. Í flokki U11B snáða vann Óðin Á Mýrini frá Færeyjum en hann vann líka alla sjö leiki sína. Í flokki U11 snóta vann Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH sem vann alla sjö leiki sína. Í flokki U13 sigraði Silas Jacobsen frá Færeyjum í einliðaleik hnokka og Adhya Nandi frá Færeyjum vann í einliðaleik táta. Í tvíliðaleik hnokka unnu Gabríel Ingi Helgason og Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH og í tvíliðaleik táta unnu Adhya Nandi og Bjarnhild Í Buð Justinussen frá Færeyjum. Í tvenndarleik unnu Silas Jacobsen og Bjarnhild Í Buð frá Færeyjum. Í flokki U15 vann Ari Nandy frá Færeyjum í einliðaleik sveina. Emelia Petersen Norberg TBR vann í einliðaleik meyja. Í tvíliðaleik sveina unnu Gústav Nilsson og Tómas Sigurðarson TBR og í tvíliðaleik meyja unnu Lena Maria Joensen og Miriam Í Grótinum frá Færeyjum. Í tvenndarleik unnu systkinin Ari og Adhya Nandi frá Færeyjum. Í flokki U17 vann Eysteinn Högnason TBR í einliðaleik drengja og Andrea Nilsdóttir TBR vann einliðaleik telpna. Í tvíliðaleik drengja unnu Bjarni Þór Sverrisson og Eysteinn Högnason TBR. Í tvíliðaleik telpna unnu Mona Rasmusdóttir og Sissal Thomsen frá Færeyjum. Í tvenndarleik unnu Einar Sverrisson og Þórunn Eylands TBR. Í flokki U19 vann Bartal Poulsen frá Færeyjum í einliðaleik pílta og í einliðaleik stúlkna vann Harpa Hilmsdóttir BH. Í tvíliðaleik pílta unnu Davíð Bjarni Björnsson og Atli Tómasson TBR. Í tvíliðaleik stúlkna sigruðu Andrea Nilsdóttir TBR og Harpa Hilmsdóttir BH. Í tvenndarleik í flokki U19 sigruðu Bartal Poulsen frá Færeyjum og Emelia Petersen Norberg TBR. Vináttulandsleikir voru leiknir í öllum aldursflokkum unglinga í tengslum við mótið en Færeyjar höfðu yfirhöndina í þeim leikjum.

Óskarsmót KR var í febrúar. Mótið er innan Dominosmótaraðar BSÍ og gefur stig á styrkleikalista. Keppt var í meistaraflokki, A- og B-flokki. Í meistaraflokki vann Kristófer Darri Finnsson TBR í einliðaleik karla og einliðaleik kvenna vann Margrét Jóhannsdóttir TBR. Tvíliðaleik karla unnu Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR. Tvíliðaleik kvenna unnu Margrét Jóhannsdóttir og Sigríður Árnadóttir TBR. Tvenndarleikinn unnu Daníel Jóhannesson og Sigríður Árnadóttir TBR. Í A-flokki sigraði Símon Orri Jóhannsson ÍA í einliðaleik karla. Ekki var keppt í einliðaleik kvenna. Tvíliðaleik karla unnu feðgarnir Andri Árnason og Árni Haraldsson TBR og tvíliðaleik kvenna unnu Halla María Gústafsdóttir BH og Karolina Prus KR. Tvenndarleikinn unnu Elís Þór Dansson og Margrét Dís Stefánsdóttir TBR. Andri Broddason TBR vann í einliðaleik karla í B-flokki. Karolina Prus KR vann einliðaleik kvenna í B-flokki. Tvíliðaleik karla unnu Egill Magnússon og Stefán Alfreð Stefánsson Aftureldingu og tvíliðaleik

kvenna unnu Kristín Magnúsdóttir KR og Sunna Karen Ingvarsdóttir Aftureldingu. Í tvenndarleik unnu Egill Magnússon og Sunna Karen Ingvarsdóttir Aftureldingu.

Deildakeppnin var haldin í febrúar að vanda. Alls voru 15 lið skráð til leiks. Leikin var 31 viðureign og 248 leikir í keppninni. Íslandsmeistari félagsliða urðu TBR Rokkstjórnur. Liðið skipuðu Kári Gunnarsson, Daníel Jóhannesson, Bjarki Stefánsson, Kjartan Pálsson, Andri Árnason, Arna Karen Jóhannsdóttir og Snjólaug Jóhannsdóttir. TBR vann sér með því inn keppnisrétt í Evrópukeppni félagsliða sem fer fram í sumar. TBR Veggurinn varð í öðru sæti, TBR/ÍA Öllarar í þriðja sæti, Landsbyggðin BH/ÍA í fjórða og TBR Hleðsla í því fimmta. BH Innri fegurð varð í fyrsta sæti í A-deild og þar með Íslandsmeistarar í A-deild. Liðið skipuðu Þórður Skúlason, Daníel Ísak Steinarsson, Orri Örn Árnason, Kjartan Einarsson, Kristján Kristjánsson, Halla María Gústafsdóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir og Irena Ásdís Óskarsdóttir. Í öðru sæti urðu TBR/Hamar Öllarar, í þriðja sæti TBR Rostungar og í fjórða sæti BH Köggjar. TBR/UMFA Hákarlar 2 eru Íslandsmeistarar liða í B-deild. Hákarla skipa Egill Þór Magnússon, Sigurður Ingi Pálsson, Þorvaldur Einarsson, Gísli Björn Heimisson, Steinþór Óli Hilmarsson, Gunnar Gunnarsson, Alexander Eðvardsson, Sæmundur Sæmundsson, Geir Sæmundsson, Sigfús B. Sverrisson, Rúnar Óskarsson, Stefán Alfreð Stefánsson, Svanfríður Oddgeirsdóttir, Arndís Úlfheiður Sævarsdóttir, Sunnar Karen Ingvarsdóttir og Lydía Kristín Jakobsdóttir. Í öðru sæti urðu ÍA/UMFS, TBR/UMFA/Hamar Jaxlar í þriðja sæti, BH/KR Geiturnar í fjórða sæti, TBR Snjópoturnar í fimmta sæti og BH Naglar í því sjötta.

Unglingamót Þórs fór fram í febrúar í Íþróttamiðstöðinni í Þorlákshöfn. Á mótinu, sem var B og C mót, var keppt í flokkum U11 til U19.

Landsbankamót ÍA var haldið í febrúar en mótið var hluti af Dominos unglingamótaröð Badmintonsambands Íslands og gaf stig á styrkleikalista unglinga. Keppt var í öllum greinum í aldursflokkum U11 til U19. Sigurvegarar á mótinu voru eftirtaldir: Í flokki U15 vann Gústav Nilsson TBR í einliðaleik sveina og Katrín Vala Einarsdóttir BH í einliðaleik meylla. Í tvíliðaleik sveina unnu Gústav Nilsson og Tómas Sigurðarson TBR. Í tvíliðaleik meylla unnu Karolina Prus KR og Katrín Vala Einarsdóttir BH. Í tvenndarleik unnu Steinþór Emil Svavarsson og Katrín Vala Einarsdóttir BH. Katrín Vala vann þrefalt á mótinu. Í flokki U17 vann Eysteinn Högnason TBR í einliðaleik drengja og Halla María Gústafsdóttir BH í einliðaleik telpna. Í tvíliðaleik drengja unnu Bjarni Þór Sverrisson og Eysteinn Högnason TBR og í tvíliðaleik telpna unnu Halla María Gústafsdóttir og Una Hrunn Örvur BH. Tvenndarleikinn unnu Brynjar Már Ellertsson ÍA og Ingibjörg Rósa Jónsdóttir UMFS. Í flokki U19 vann Elvar Már Sturlaugsson ÍA í einliðaleik pilta og í einliðaleik stúlkna vann Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir ÍA. Í tvíliðaleik pilta unnu Elvar Már Sturlaugsson og Tómas Andri Jörgensson ÍA og í tvíliðaleik stúlkna sigruðu Margrét Dís Stefánsdóttir TBR og Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir ÍA. Í tvenndarleik í flokki U19 sigruðu Elvar Már Sturlaugsson ÍA og Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH. Elvar vann því þrefalt á mótinu. Vegna snjóþynglis var ekki hægt að keppa í flokkum U11 og U13 á Landsbankamóti ÍA en keppa átti í þeim flokkum á sunnudeginum. Keppt var í þessum flokkum sunnudaginn 5. mars.

Mars

Keppt var í flokkum U11 – U13 á Landsbankamótinu í mars. Sigurvegarar í einliðaleik voru Theodór Ingi Óskarsson TBR í einliðaleik snáða, Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH í flokki snáta, Gabríel Ingi Helgason BH í flokki hnokka og María Rún Ellertsdóttir ÍA í flokki táta. Í tvíliðaleik unnu Gabríel Ingi Helgason og Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH í flokki hnokka og ekki var keppt í flokki táta. Í tvenndarleik unnu Gabríel Ingi Helgason BH og María Rún Ellertsdóttir ÍA.

Íslandsmót unglunga var haldið í TBR í mars. Mótið er innan Dominos unglingamótaraðar og gaf stig á styrkleikalista unglunga. TBR hélt mótið þetta árið í samstarfi við BSÍ. Keppendur voru 138 talsins frá tíu félögum, Aftureldingu, BH, Hamri, ÍA, KR, Samherjum, TBR, TBS, UMF Skallagrími og UMF Þór. Spilaðir voru 247 leikir. Mótsstjóri var Róbert Þór Henn. Tveir leikmenn náðu þeim frábæra árangri að verða þrefaldir Íslandsmeistarar; María Rún Ellertsdóttir ÍA U13 og Davíð Bjarni Björnsson TBR U19. Lið TBR var valið þrúðasta lið mótsins. Íslandsmeistarar unglunga 2017 eru: U-11 einliðaleikur: Máni Berg Ellertsson ÍA og Lilja Bu TBR. U-11 tvíliðaleikur: Máni Berg Ellertsson ÍA og Halla Stella Sveinbjörnsdóttir BH. U13 einliðaleikur: Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH og María Rún Ellertsdóttir ÍA. U13 tvíliðaleikur: Kristian Óskar Sveinbjörnsson og Gabríel Ingi Helgason BH og Hildur Marín Gísladóttir Samherjum og María Rún Ellertsdóttir ÍA. U13 tvenndarleikur: Gabríel Ingi Helgason BH og María Rún Ellertsdóttir ÍA. U15 einliðaleikur: Gústav Nilsson TBR og Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR. U15 tvíliðaleikur: Gústav Nilsson og Tómas Sigurðarson TBR og Júlíana Karitas Jóhannsdóttir og Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR. U15 tvenndarleikur: Steinþór Emil Svavarsson og Katrín Vala Einarsdóttir BH. U17 einliðaleikur: Eysteinn Högnason TBR og Þórunn Eylands TBR. U17 tvíliðaleikur: Bjarni Þór Sverrisson og Eysteinn Högnason TBR og Halla María Gústafsdóttir og Una Hrund Örvar BH. U17 tvenndarleikur: Einar Sverrisson og Þórunn Eylands TBR. U19 einliðaleikur: Davíð Bjarni Björnsson TBR og Harpa Hilmiðsdóttir BH. U19 tvíliðaleikur: Davíð Bjarni Björnsson og Atli Tómasson TBR og Andrea Nilsdóttir TBR og Harpa Hilmiðsdóttir BH. U19 tvenndarleikur: Davíð Bjarni Björnsson og Andrea Nilsdóttir TBR.

Reykjavíkurmót fullorðinna var í mars. Keppt var í öllum greinum í meistaraflokki, A-flokki og B-flokki nema í tvíliðaleik kvenna í meistaraflokki. Mótið er hluti af Dominos mótarið Badmintonsambands Íslands og gefur stig á styrkleikalista. Í meistaraflokki stóð Kristófer Darri Finnsson TBR uppi sem Reykjavíkurmeistari í einliðaleik karla og Harpa Hilmiðsdóttir BH í einliðaleik kvenna. Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR eru Reykjavíkurmeistarar í tvíliðaleik karla. Ekki var keppt í tvíliðaleik kvenna. Reykjavíkurmeistarar í tvenndarleik eru Davíð Bjarni Björnsson TBR og Erla Björg Hafsteinsdóttir BH. Kristófer Darri Finnsson og Davíð Bjarni Björnsson eru tvöfaldir Reykjavíkurmeistarar. Í A-flokki sigraði Jón Sigurðsson TBR í einliðaleik karla og Halla María Gústafsdóttir BH í einliðaleik kvenna. Reykjavíkurmeistarar í tvíliðaleik karla í A-flokki eru Haraldur Guðmundsson og Jón Sigurðsson TBR og tvíliðaleik kvenna unnu Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir og Guðrún Björk Gunnarsdóttir TBR. Reykjavíkurmeistarar í tvenndarleik í A-flokki eru Þórhallur Einisson og Hrund Guðmundsdóttir Hamri. Jón Sigurðsson er tvöfaldur Reykjavíkurmeistari. Andri Broddason TBR er Reykjavíkurmeistari í einliðaleik karla í B-flokki og Sunna Karen

Ingvarsdóttir Aftureldingu í einliðaleik kvenna í B-flokki. Reykjavíkurmeistarar í tvíliðaleik karla í B-flokki eru Brynjar Már Ellertsson og Tómas Andri Jörgensson ÍA og í tvíliðaleik kvenna í B-flokki Ingibjörg Rósa Jónsdóttir UMFS og Irena Rut Jónsdóttir ÍA. Reykjavíkurmeistarar í tvenndarleik í B-flokki eru Brynjar Már Ellertsson ÍA og Ingibjörg Rósa Jónsdóttir UMFS. Brynjar Már Ellertsson ÍA og Ingibjörg Rósa Jónsdóttir UMFS eru tvöfaldir Reykjavíkurmeistarar.

Íslandsmóti unglingaliða, sem átti að vera í mars, var frestað til hausts vegna lélegrar þátttöku.

Valið var í Sumarskóla Badminton Europe sem verður haldinn í 36. skipti í sumar og að þessu sinni verður hann í Slóveníu. Þessir voru valdir: Andri Broddason TBR, Brynjar Már Ellertsson ÍA, Magnús Daði Eyjólfsson KR, Andrea Nilsdóttir TBR, Halla María Gústafsdóttir BH og Una Hrund Örvar BH. Atli Jóhannesson aðstoðarlandsliðsþjálfari fer sem fararstjóri hópsins en hann fer jafnframt á þjálfaranámskeið sem er haldið á vegum Badminton Europe á sama stað.

U17 landslið Íslands var valið í mars. Landsliðið tekur þátt í Danish Junior mótinu sem fer fram í Farum í Danmörku í lok maí. U17 landsliðið skipa Andri Broddason TBR, Bjarni Þór Sverrisson TBR, Brynjar Már Ellertsson ÍA, Einar Sverrisson TBR, Eysteinn Högnason TBR, Þórður Skúlason BH, Andrea Nilsdóttir TBR, Halla María Gústafsdóttir BH, Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR, Karolina Prus KR, Katrín Vala Einarsdóttir BH og Þórunn Eylands Harðardóttir TBR.

Apríl

Í apríl fór Meistaramót Íslands fram í TBR húsinu við Gnoðarvog. Mótið var hluti af Dominosmótaröð BSÍ og gaf stig á styrkleikalista. Til keppni voru skráðir 124 leikmenn frá níu félögum, Aftureldingu, BH, Hamri, ÍA, KR, Samherjum, TBR, UMFS og UMF Þór. Flestir keppendur komu úr TBR eða 66 en næst fjölmennastir voru BH-ingar sem voru 23 talsins. Leiknir voru 153 leikir á mótinu. Íslandsmeistarar í meistaraflokki urðu: Í einliðaleik Kári Gunnarsson TBR og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Í tvíliðaleik Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson TBR og Margrét Jóhannsdóttir og Sigríður Árnadóttir TBR. Í tvenndarleik: Daníel Thomsen og Margrét Jóhannsdóttir TBR. Margrét Jóhannsdóttir er þrefaldur Íslandsmeistari. Íslandsmeistarar í A-flokki urðu: Haukur Gylfi Gíslason Samherjum og Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir TBR. Í tvíliðaleik: Ingólfur Ingólfsson og Sævar Ström TBR og Anna Lilja Sigurðardóttir og Irena Ásdís Óskarsdóttir BH. Í tvenndarleik: Haraldur Guðmundsson og Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir TBR. Íslandsmeistarar í B-flokki urðu: Í einliðaleik: Andri Broddason TBR og Karolina Prus KR. Í tvíliðaleik: Askur Máni Stefánsson og Garðar Hrafn Benediktsson BH og Bjarndís Helga Blöndal og Sunna Karen Ingvarsdóttir Hamri/Aftureldingu. Í tvenndarleik: Brynjar Már Ellertsson og Ingibjörg Rósa Jónsdóttir ÍA/UMFS. Íslandsmeistari í einliðaleik í Æðstaflokki var Árni Haraldsson TBR og í tvíliðaleik Gunnar Þór Gunnarsson og Sigfús B. Sverrisson. Íslandsmeistari í einliðaleik í Heiðursflokki var Gunnar Bollason TBR og í tvíliðaleik Gunnar Bollason og Haraldur Kornelíusson TBR.

Stór hluti Afrekshóps keppti á Alþjóðlega króatíska mótinu um páskana auk Andreu Nilsdóttur TBR og Sigurði Sverri Gunnarssyni TBR. Þau áttu misjafna leiki en ekkert þeirra komst langt í mótinu.

Landsliðsþjálfarar völdu í apríl þátttakendur fyrir Íslands hönd í æfingabúðir sumarsins, Nordic Camp og North Atlantic Camp. Í Nordic Camp í Noregi fara Gústav Nilsson TBR, Steinþór Emil Svavarsson BH, Sigurður Patrik Fjalarsson KR, Karolina Prus KR, Katrín Vala Einarsdóttir BH og Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR. Einar Óskarsson Aftureldingu fer sem þjálfari á þjálfaranámskeið sem er haldið meðfram búðunum og hann fer einnig sem fararstjóri hópsins.

Í North Atlantic Camp voru valin Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH, Gabríel Ingi Helgason BH, Steinar Petersen TBR, Sigurbjörg Árnadóttir TBR, Anna Alexandra Petersen TBR, Stefán Árni Arnarsson TBR, Ingibjörg Rósa Jónsdóttir UMFS og Davíð Örn Harðarson ÍA. Irena Rut Jónsdóttir ÍA og Þorkell Ingi Eriksson TBR fara á þjálfaranámskeið meðfram búðunum og verða jafnframt fararstjórar.

Fært var á mill flokka í lok apríl. Þessir voru færðir á milli flokka. Í A-flokk færðust Björk Orradóttir TBR, Ingibjörg Rósa Jónsdóttir UMFS, Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR, Karolina Prus KR, Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR, Sólrún Anna Ingvarsdóttir BH, Andri Broddason TBR, Askur Máni Stefánsson BH, Axel Örn Sæmundsson UMF Þór, Brynjar Már Ellertsson ÍA, Garðar Hrafn Benediktsson BH, Símon Orri Jóhannsson ÍA og Tómas Andri Jörgensson ÍA. Í Meistaraflokk færðust Anna Margrét Guðmundsdóttir BH og Haukur Gylfi Gíslason Samherjum.

Kristján Daníelsson sat ársþing evrópska badmintonsambandsins í Prag í apríl.

Æfingabúðir voru haldnar fyrir landsliðshópa U13-U19, A-landsliðshóp og Afrekshóp Badmintonsambandsins nokkrum sinnum í vetur. Æfingarnar voru í TBR húsunum.

Á tímabilinu spiluðu þrír íslenskir badmintonspilarar í Danmörku. Magnús Ingi Helgason spilar með Drive sem spilar í þriðju deild. Drífa og Ragnar Harðarþörn spila með Hvidovre í þriðju deild. Tveir Íslendingar, Alda Karen Jónsdóttir og Jóhannes Orri Ólafsson, spila með Sandefjord í norsku deildinni. Hægt er að fylgjast með gengi Íslendinganna sem spila erlendis á heimasíðu Badmintonsambandsins, www.badminton.is.

Auk ofangreindra viðburða á tímabilinu 2016 – 2017 fóru fram tugir badmintonmóta á vegum aðildarfélaga BSÍ.

Færslur á milli flokka á starfsárinu

Eftirtaldir leikmenn voru færðir á milli flokka á árinu:

Leikmenn færðir í A-flokk:

Elís Þór Dansson TBR
Heiðar B. Sigurjónsson BH
Björk Orradóttir TBR
Ingibjörg Rósa Jónsdóttir UMFS
Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR
Karolina Prus KR
Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR
Sólrun Anna Ingvarsdóttir BH
Andri Broddason TBR
Askur Máni Stefánsson BH
Axel Örn Sæmundsson UMF Þór
Brynjar Már Ellertsson ÍA
Garðar Hrafn Benediktsson BH
Símon Orri Jóhannsson ÍA
Tómas Andri Jörgensson ÍA

Leikmenn færðir í Meistaraflokk:

Anna Margrét Guðmundsdóttir BH
Haukur Gylfi Gíslason Samherjum

Úrslit móta á starfsárinu

Deildakeppni BSÍ 2017

Meistaradeild:

1. TBR Rokkstjórnur
2. TBR Veggurinn

A-deild:

1. BH Innri fegurð
2. TBR/Hamar Öllarar

B-deild:

1. TBR/UMFA Hákarlar
2. ÍA/UMFS

Íslandsmót unglinga 2017

Einliðaleikur:

U-11

Snáðar

1. Máni Berg Ellertsson ÍA
2. Theódór Ingi Óskarsson TBR

Snótir

1. Lilja Bu TBR
2. Sigurbjörg Árnadóttir TBR

U-13

Hnokkar

1. Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH
2. Gabríel Ingi Helgason BH

Tátur

1. María Rún Ellertsdóttir ÍA
2. Margrét Guangbing Hu Hamri

U-15

Sveinar

1. Gústav Nilsson TBR
2. Stefán Árni Arnarsson TBR

Meyjar

1. Júlíana Karitas Jóhannsdóttir TBR
2. Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR

U-17

Drengir

1. Eysteinn Högnason TBR
2. Daníel Ísak Steinarsson BH

Telpur

1. Þórunn Eylands TBR
2. Andrea Nilsdóttir TBR

U-19

Piltar

1. Davíð Bjarni Björnsson TBR
2. Atli Tómasson TBR

Stúlkur

1. Harpa Hilmsdóttir BH
2. Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir ÍA

Tviliðaleikur:***U-11*****Snáðar/Snótir**

1. Máni Berg Ellertsson / Halla Stella Sveinbjörnsdóttir ÍA / BH
2. Sigurbjörg Árnadóttir / Lilja Bu TBR

U-13**Hnokkar**

1. Gabríel Ingi Helgason / Kristian Óskar Sveinbjörnsson BH
2. Andri Freyr Haraldsson / Steinar Petersen TBR

Tátur

1. Hildur Marín Gísladóttir / María Rún Ellertsdóttir Samherjar / ÍA
2. Anna Brynja Agnarsdóttir / Svanlaug Halla Baldursdóttir TBS

U-15**Sveinar**

1. Gústav Nilsson / Tómas Sigurðarson TBR
2. Hákon Daði Gunnarsson / Steinþór Emil Svavarsson BH

Meyjar

1. Karolina Prus / Katrín Vala Einarsdóttir KR / BH
2. Júlíana Karitas Jóhannsdóttir / Ragnheiður Birna Ragnarsdóttir TBR

U-17**Drengir**

1. Bjarni Þór Sverrisson / Eysteinn Högnason TBR
2. Daníel Ísak Steinarsson / Einar Sverrisson TBR

Telpur

1. Halla María Gústafsdóttir / Una Hrund Örvar BH
2. Harpa Kristný Sturlaugsdóttir / Ingibjörg Rósa Jónsdóttir ÍA / UMFS

U-19**Piltar**

1. Atli Tómasson / Davíð Bjarni Björnsson TBR
2. Kristinn Breki Hauksson / Tómas Andri Jörgensson BH / ÍA

Stúlkur

1. Andrea Nilsdóttir / Harpa Hilmisdóttir TBR / BH
2. Margrét Dís Stefánsdóttir / Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir TBR / ÍA

Tvenndarleikur:***U-13*****Hnokkar/Tátur**

1. Gabríel Ingi Helgason / María Rún Ellertsdóttir BH / ÍA
2. Steinar Petersen / Sigurbjörg Árnadóttir TBR

U-15**Sveinar/Meyjar**

1. Steinþór Emil Svavarsson / Katrín Vala Einarsdóttir BH
2. Sigurður Patrik Fjalarsson / Karolina Prus KR

U-17**Drengir/Telpur**

1. Einar Sverrisson / Þórunn Eylands TBR
2. Brynjar Már Ellertsson / Ingibjörg Rósa Jónsdóttir ÍA / UMFS

U-19**Piltar/Stúlkur**

1. Davíð Bjarni Björnsson / Andrea Nilsdóttir TBR
2. Elís Þór Dansson / Margrét Dís Stefánsdóttir TBR

TBR var valið þrúðasta lið mótsins.

Meistaramót Íslands 2017**Meistaraflokkur:***Einliðaleikur karla:*

1. Kári Gunnarsson TBR
2. Kristófer Darri Finnsson TBR

Einliðaleikur kvenna:

1. Margrét Jóhannsdóttir TBR
2. Sigríður Árnadóttir TBR

Tvíliðaleikur karla:

1. Davíð Bjarni Björnsson / Kristófer Darri Finnsson TBR
2. Daníel Thomsen / Kári Gunnarsson TBR

Tvíliðaleikur kvenna:

1. Margrét Jóhannsdóttir / Sigríður Árnadóttir TBR
2. Drífa Harðardóttir / Elsa Nielsen ÍA / TBR

Tvenndarleikur:

1. Daníel Thomsen / Margrét Jóhannsdóttir TBR
2. Davíð Bjarni Björnsson / Drífa Harðardóttir TBR / ÍA

A-flokkur:*Einliðaleikur karla:*

1. Haukur Gylfi Gíslason Samherjar
2. Haraldur Guðmundsson TBR

Einliðaleikur kvenna:

1. Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir TBR
2. Una Hrund Örvar BH

Tvíliðaleikur karla:

1. Ingólfur Ingólfsson / Sævar Ström TBR
2. Indriði Björnsson / Þórhallur Einisson TBR / Hamar

Tvíliðaleikur kvenna:

1. Anna Lilja Sigurðardóttir / Irena Ásdís Óskarsdóttir BH
2. Arndís Sævarsdóttir / Svanfríður Oddgeirsdóttir Afturelding

Tvenndarleikur:

1. Haraldur Guðmundsson / Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir TBR
2. Birgir Hilmarsson / Sigrún Marteinsdóttir TBR

B-flokkur:*Einliðaleikur karla:*

1. Andri Broddason TBR
2. Tómas Andri Jörgensson ÍA

Einliðaleikur kvenna:

1. Karolina Prus KR
2. Björk Orradóttir TBR

Tvíliðaleikur karla:

1. Askur Máni Stefánsson / Garðar Hrafn Benediktsson BH
2. Brynjar Már Ellertsson / Tómas Andri Jörgensson ÍA

Tvíliðaleikur kvenna:

1. Bjarndís Helga Blöndal / Sunna Karen Ingvarsdóttir Hamar / Afturelding
2. Karolina Prus / Sólrún Anna Ingvarsdóttir KR / BH

Tvenndarleikur:

1. Brynjar Már Ellertsson / Ingibjörg Rósa Jónsdóttir ÍA / UMFS
2. Sigurður Ingi Pálsson / Bjarndís Helga Blöndal TBR / Hamar

Æðsti flokkur (50+):*Einliðaleikur karla:*

1. Árni Haraldsson TBR
2. Aðalsteinn Huldarsson ÍA

Tvíliðaleikur karla:

1. Gunnar Þór Gunnarsson / Sigfús B. Sverrisson TBR
2. Alexander Eðvarðsson / Egill Magnússon TBR / Afturelding



Heiðursflokkur (60+):

Einliðaleikur karla:

1. Gunnar Bollason TBR
2. Haraldur Kornelíusson TBR

Tvíliðaleikur karla:

3. Gunnar Bollason / Haraldur Kornelíusson TBR
4. Hannes Ríkarðsson / Jónas Þórir Þórisson TBR

Landsliðsmál

Afrekshópur – Lettland og Litháen

Hluti af afrekshópnum fór á Future-Series mótin í Lettlandi og Litháen í maí/júní 2016. Í ferðinni voru: Margrét Jóhannsdóttir, Rakel Jóhannesdóttir, Sigríður Árnadóttir, Kristófer Darri Finnsson, Davíð Bjarni Björnsson, Eiður Ísak Broddason og Daníel Jóhannesson. Þau æfa öll með TBR.

Lettland

Fyrsta mótið var í Lettlandi og Margrét varð því miður að draga sig úr keppni vegna mýgrenis. Við vorum í undankeppninni í einliðaleikjunum og náðum því miður ekki að koma neinum inn í mótið, þrátt fyrir að strákarnir hafi unnið nokkra leiki. Við áttum í miklum vandræðum með að halda boltanum inná og koma rallýunum í gang. Daníel og Eiður spiluðu sérstaklega vel í fyrstu leikjunum sínum.

Daníel og Eiður spiluðu einnig nokkuð vel í tvíliða og unnu besta norska parið í tveimur lotum. Þeir spiluðu svo við sterka Pólverja í leik tvö og töpuðu nokkuð örugglega.

Í tvenndarleik unnu Daníel og Rakel Kristófer og Sigríði í fyrsta leik, 26-24 í oddalotu. Daníel og Rakel komust í átta liða úrslit og spiluðu nokkuð vel, þó frekar kaflaskipta leiki þar sem stábílt spil hefði komið þeim áfram í undanúrslit.

Við unnum mikið með taktíska hlutann í og eftir mótið. Krakkarnir voru sammála um að þau þyrftu að læra að geta spilað á mismunandi hátt á móti mismunandi andstæðingum. Við töluðum mikið um “kamikazi” spil og að við þurfum að byggja rallýin upp betur og ekki reyna að klára boltana strax. Þó að högginn þurfi að vera góð og sérstaklega passa ekki að lyfta of flatt, því þá annaðhvort misstum við boltann út, eða andstæðingurinn smassaði í gólfið hjá okkur. Í tvíliðaleikjunum töluðu krakkarnir um að uppgjafir og móttökur þyrftu að verða betri, sem og millispil og vörn.

Eftir mótið í Lettlandi flugum við til Danmerkur, þar sem krakkarnir æfðu á milli mótana. Þá flugum við til Litháen á miðvikudegi.

Litháen

Fyrsti dagurinn var okkur erfiður og við töpuðum öllum leikjunum. Davíð og Kristófer voru svo óheppnir að þeir mættu mjög sterkum Rússum í undankeppninni, sem höfðu unnið mótið í Lettlandi vikuna áður. Þeir spiluðu mjög flottan leik og unnu lotu. Þeir voru sammála um að þeir þyrftu að bæta flata spilið ef þeir ættu að geta unnið svona sterka mótherja.

Dagur tvö var nokkuð blandaður. Margrét var óheppin með drátt og spilaði við mjög sterka danska stelpu í fyrsta leik. Hún spilaði ekki vel í fyrstu lotunni og klúðraði of mikið, en komst vel inn í leikinn í annarri lotu. Hún þarf að bæta djúpu vörnina og geta sótt með meiri nákvæmni til að komast upp á næsta level. Davíð og Margrét spiluðu vel í tvenndarleik og Margrét og Rakel spiluðu góðan leik við sterkt par frá Hvítarússlandi, en töpuðu í oddalotu. Þá komust Daníel og Eiður áfram eftir gott spil, sérstaklega frá Eiði. Við töpuðum báðum leikjum í átta liða úrslitum, Margrét og Davíð voru hársbreidd frá að klára sinn leik í tveimur lotum, en náðu því miður ekki að klára leikinn. Það hefði verið gaman að komast áfram í undanúrslit. Eftir mótin töluðum við öll um hvað þau lærðu af mótunum og hvernig þau ætluðu að bæta sig í áframhaldinu. Ég legg það við í lokin.

Hugleiðingar eftir mótið

Það er ljóst að krakkarnir þurfa mun meiri reynslu á alþjóðlegum vettfangi, ef þau eiga að geta spilað sig upp á heimslistanum. Það er ekki nóg að fara á 1-2 mót á ári og það krefst hugarfarsbreytingar frá bæði þeim sjálfum, þjálfurum, foreldrum og badmintonhreyfingunni á Íslandi í heild. Okkar krakkar eru ekki lélegri en t.d. norsku krakkarnir, en þau norsku spila á 10 mótum á ári. Það er klárt mál, að ef að þau halda áfram að toura og við erum bara heima og spilum við hvort annað, þá verða þau betri en við. Krakkarnir þurfa að skilja að þau þurfa bæði að sækja um styrki, finna sér sponsor og nota sína eigin peninga til að spila á alþjóðlegum vettfangi. Þá þurfa félögin að styðja við bakið á þeim. En ÞAU þurfa að eiga frumkvæðið.

Tinna Helgadóttir,
Landsliðsþjálfari

U19 HM 2016 – Bilbao á Spáni

Liðakeppnin

Við spiluðum liðakeppni á heimsmeistaramótinu í Bilbao í nóvember 2016. Liðið skipuðu Alda Karen Jónsdóttir TBR (‘98), Þórunn Eylands TBR (‘00), Davíð Bjarni Björnsson TBR (‘98) og Atli Tómasson TBR (‘98).

Ísland drógst í riðil með Bandaríkjunum og Slóveníu, sem var raðað í átta liða úrslit og var því á pappír sterkasta liðið í riðlinum.

Ísland – Slóvenía 0-5

Við áttum mjög erfitt með að spila í höllinni, eins og vanalega. Það er auðvelt að sjá hveru vön krakkarnir okkar eru að spila í sama húsinu og hversu óvön þau eru að spila í svona stórum höllum með sterkum ljósum og mottum á gólfinu. Slóvensku spilararnir voru mun sterkari en við og við áttum í erfiðleikum með að halda boltanum í spili. Þórunn sýndi góða takta í einliðaleiknum og stelpurnar spiluðu finan tvíliðaleik. Eftir leikinn töluðum við mikið um hversu mikilvægt það er að reyna ekki að gera of erfiða hluti þegar maður er óvanur aðstæðum og að þau yrðu að einbeita sér að því að minnka einföld mistök.

Ísland – USA 0-5

Í leiknum gegn Bandaríkjunum gekk okkur strax betur að halda spili og krakkarnir voru tilbúnari í þennan leik. Okkur gekk sérstaklega vel í tvenndarleiknum, þar sem að Davíð og Þórunn voru nálægt því að vinna lotu. Það voru ennþá of mörg einföld mistök á köflum, en einnig kaflar þar sem við sýndum gott spil.

Eftir riðlakeppnina fórum við í umspil í svokölluðu Monrad kerfi, þar sem að ef að maður vinnur fer maður “upp” á við og að sama skapi “niður” ef maður tapar. Fyrsti and-stæðingurinn var Lettland, sem hafði verið í riðli með Dönum og Macau.

Ísland – Lettland 1-3

Leikurinn gegn Lettlandi byrjaði vel á að Davíð og Alda spiluðu flottann leik og unnu nokkuð örugglega. Einliðaleikur karla var erfiður og Lettinn var mjög sterkur. Þórunn átti góða fyrstu lotu í einliðaleiknum, en spilaði ekki nógu vel í seinni tveimur og tapaði á móti andstæðingi hún hefði getað unnið. Tvíliðaleikur karla var fyrirfram erfiður leikur og eftir ágætlega spilaðan leik, tapaðist hann líka og þar af leiðandi var tvíliðaleikur kvenna ekki spilaður. Krakkarnir áttu auðveldar með að spila í þessum leik, enda voru andstæðingarnir að mestu slakari en þeir í riðlinum. Við vorum þó ekki sátt með tapið, enda töldum við okkur hafa átt góða möguleika í tvíliða kvenna.

Eftir leikinn við Lettland töluðum við mikið um hversu mikilvægt það er að gefa allt sem maður á þegar þau eru að spila, sama hvort þau getir unnið eða ekki. Við ræddum einnig um að við þyrftum að vera betri í að tala saman í tvíliðaleiksgreinunum, bæði um fyrstu þrjá boltana og hvernig við ætluðum að spila stigin.

Ísland – Suður-Afríka 3-1

Fyrsti sigurinn kom á móti slöku liði Suður-Afríku. Sérstaklega voru stelpurnar frá þeim mjög slakar en krakkarnir okkar gerðu vel og voru einbeitt í sínum leikjum. Þórunn átti góðan leik í tvenndarleiknum og Alda “rústaði” einliðaleiknum eftir hæga byrjun í fyrstu lotunni. Atli fékk einnig sinn fyrsta sigur í tvíliðaleiknum með Davíð, þar sem hann spilaði vel. Stákarnir voru betri að tala saman á milli stiga og ákveða hvað þeir ætluðu að gera, sem gaf mörg auðveld stig.

Ísland – Rúmenía 2-3

Rúmenar voru með gott lið og við gerðum vel að pressa þau út í 3-2. Sérstaklega voru tvíliðaleiksstelpurnar og einliðaleiksstrákurinn mjög góð. Við áttum góðan möguleika á að vinna leikinn, því Alda var nálægt því að vinna sinn einliðaleik. Leikurinn gegn Rúmenum var okkar besti leikur, krakkarnir voru einbeittir og gerðu færri mistök en í fyrri leikjum.

Ísland – Færeyjar 3-2

Við vorum svo óheppin að Atli missteig sig illa í einliðaleiknum og gat ekki haldið áfram eftir það. Þannig að staðan var 0-2 þegar við “byrjuðum” leikinn af alvöru. Í öllum þremur leikjum voru krakkarnir okkar stressaðir og áttu erfitt með að höndla pressuna. Alda spilaði mjög kaflaskiptan leik, en hún náði tökum á taugunum og spilaði vel í þriðju lotunni. Í tvenndar- og tvíliðaleiknum sýndi Þórunn keppnisskapið og dróg meðspilarana áfram. Hún var sérstaklega sterk í tvíliðaleiknum, þar sem stelpurnar byrjuðu leikinn hræðilega. Þórunn peppaði Öldu upp og stelpurnar náðu tökum á leiknum og fylgdu taktíkinni. Tvenndarleikurinn var að sama skapi kaflaskiptur, en í lokin náðu Davíð og Þórunn tökum á taktíkinni og taugunum og unnu frekar auðveldlega.

Eftir mótið töluðu krakkarnir mikið um að þau þyrftu að vera betri í að halda spili og að spila lengri rally, áður en þau reyna að vinna boltann. Einnig fannst þeim þau geta bætt sig í samskiptum í tvíliðaleiksgreinunum, sem og að fylgja þeirri taktík sem þjálfarinn vildi meina að væri best, í stað þess að falla aftur í eigin þægindasvæði.

Hugleiðingar eftir mótið

Við lentum í 43. sæti af 52 þjóðum og er það svipaður árangur og fyrir ári síðan. Ef við hefðum tekið Lettana hefðum við kannski lent í 36. – 38. sæti. Þetta mót er ótrúlega vel skipulagt og við fengum marga leiki á réttu styrkleikaleveli. Ef við förum á sama mót aftur, þurfum við að hafa auka treyjur í öðrum lit. Hinar þjóðirnar sem við mælum okkur við, voru með mjög góða einliðaleiksstráka, þar vorum við langt á eftir. Stelpurnar okkar voru hins vegar nógu góðar til að mæla sig við þjóðirnar í 30-40. Við stöndum nokkuð betur í tvíliðaleiksgreinunum en í einliðaleik, bæði karla- og kvennamegin. Krakkarnir okkar þurfa að bæta fótaborð og hreyfifærni mikið, ef við eigum að komast hærra upp í svona keppnum. Tæknilega vorum við ágætlega með í þetta skiptið, en við gerum allt of mörg mistök og höldum spili ekki nógu vel.

Tinna Helgadóttir,
Landsliðsþjálfari

Einstaklingskeppnin

Mánudagur 7. nóvember

Á mánudeginum var höllinni lokað eftir að liðakeppnin kláraðist deginum á undan. Krakkarnir fengu því smá frí á þessum degi að frátöldu smá útilaupi sem þau tóku með landsliðsþjálfara sem Atli sleppti til að hvíla ökkla sinn en hann hafði lent í smá meiðslum. Krakkarnir fengu annars smá frí og ákváðu að fara og versla til að dreifa huganum aðeins og hugsa um eitthvað annað en badminton. Um kvöldið héldum við fund þar sem við fórum yfir mikilvægi þess að njóta þess að spila og ekki spá endilega í stöðunni heldur að muna það að badminton er það skemmtilegasta sem þau gera og mestu máli skipti að gera sitt besta, reyna að ná öllum boltum og reyna að klúðra eins lítið og hægt er. Þannig væri hægt að ganga af velli stoltur og ánægður með leikinn sinn.

Þriðjudagur 8. nóvember

Á þessum degi hófst einstaklingskeppin. Davíð og Þórunn áttu einliðaleik klukkan 9 í fyrstu umferð og Alda fljótlega á eftir eða 9:20 og því var nóg að gera hjá landsliðsþjálfara að hlaupa á milli valla. Atli sat hjá í fyrstu umferð og spilaði því ekki fyrir en um 14 sama dag.

Þórunn spilaði á móti Asuka Takahashi, mjög sterkri stelpu frá Japan. Þórunn náði sér aldrei almennilega á strik og virtist bera full mikla virðingu fyrir andstæðing sínum og tapaði 21-3 21-2. Henni gekk illa að spila og virtist ekki hafa trú á verkefninu.

Davíð Bjarni spilaði við Mathieu Morneau frá Kanada. Í fyrstu lotunni gekk Davíð erfiðlega að halda spilinum í gangi. Hann var undir í hléinu 11-2 og tapaði lotunni 21-7. Í seinni lotunni gekk betur að halda spilinum og Davíð fann leið til að hægja aðeins á andstæðingum með því að spila boltanum aftur í bakhandarhornið. Þrátt fyrir það lenti Davíð of oft í því að vera að verjast og vera að elta auk þess að klúðra nokkrum auðveldum boltum og tapaði seinni lotunni 21-14.

Alda Karen átti næst leik gegn Vera Ellingsen frá Noregi sem Alda þekkti aðeins til þar sem hún býr í Noregi. Leikurinn var mjög jafn til að byrja með og leiddi Alda í hlénu 11-9 og náði svo góðum tókum á leiknum og komst í 19-14. Þá virtist hafa slökknad á Öldu, hún missti einbeitinguna og á stuttum tíma hafði Vera jafnað 19-19. Alda skoraði næsta stig en tapaði lotunni 22-20. Í seinni lotunni spilaði Vera töluvert betur og náði að teygja vel á Öldu sem reyndi full mikið af erfiðum hlutum sem varð til þess að hún klúðraðri meira en sú norska. Alda tapaði seinni lotunni 21-14 og virtist vera eins og fyrri lotan hefði setið aðeins í henni en hana átti Alda klárlega að vinna. Eftir þessa umferð hittumst við öll og ræddum það sem við gerðum vel, hvað hefði betur mátt fara og hvernig við ætlum að undirbúa okkur fyrir næstu leiki. Næsta umferð var tvenndarleikur og spiluðu þörin á sama tíma sem varð aftur til þess að landsliðsþjálfari þurfti að hlaupa á milli valla.

Þórunn og Atli spiluðu gegn Tilan Zalar og Nasta Stovanje frá Slóveníu. Krakkarnir áttu frekar erfitt uppdráttar í fyrri lotunni og sást greinilega að Atla verkjaði ennþá í ökkla sinn og átti hann erfitt með að spyrna sér af stað. Þórunn og Atla gekk illa að koma spilinum af stað og yfirleitt voru rallyin ekki lengur en 4-5 boltar og móttökurnar voru mjög slakar hjá krökkunum sem töpuðu lotunni 21-8. Seinni lotan byrjaði mjög svipuð og sú fyrri en eftir því sem leið á leikinn náðu krakkarnir aðeins betri stjórn á leiknum og minnkuðu klúðrið. Þau misstu andstæðinga sína samt sem áður frekar langt frá sér og

töpuðu lotunni 21-16. Seinni lotan var miklu betri en samt töldu krakkarnir sig geta gert betur.

Davíð og Alda spiluðu á sama tíma gegn Balazs Papai og Reka Madarasz frá Ungverjalandi. Krakkarnir byrjuðu rosalega vel í fyrri lotunni og leiddu 11-6 og sigruðu lotuna svo 21-8. Í síðari lotunni byrjuðu krakkarnir ekki eins vel og lentu í smá uppgjafar og móttöku klúðri svo Ungverjarnir náðu smá forystu. Íslensku krakkarnir náðu að snúa hlutunum sér í vil og Alda gerði mjög vel að loka netinu en Ungverjarnir leiddu samt í 11-10. Í byrjun seinni hluta lotunnar voru bæði lið að klúðra auðveldum boltum eins og uppgjöfum og spilið var mjög lítið. Íslensku krakkarnir voru samt sterkari undir lokin og sigruðu lotuna 21-19. Þetta var án nokkurs vafa besti leikur dagsins. Við fórum eftir þetta að fá okkur að borða í matssalnum í höllinni og ræddum leikina hvað var gott og hvað hefði mátt fara betur.

Síðasti leikur dagsins hjá okkur var einliðaleikur Atla gegn Dmytro Kovalov frá Úkraínu. Atli spilaði fyrstu lotuna mjög vel, hélt góðu spili og var ekki að sjá að Atli væri að glíma við meiðsli. Leikurinn var jafn á öllum tölum upp í 14 en þá missti Atli leikinn aðeins frá sér. Það vantaði svolítið upp á einbeitingu hjá Atla og hann tapaði lotunni 21-15. Seinni lotan hófst eins og sú fyrri spilaðist og var jafnt til að byrja með en svo náði Dmytro góðu forskoti sem hann hélt allan leikinn og sigraði lotuna 21-9. Atli náði ekki að fylgja eftir góðu gengi úr fyrri lotunni og klúðraði meira sem olli því að hann missti lotuna frá sér. Þetta var síðasti leikur dagsins, við horfðum aðeins á keppnina og reyndum að skoða hvað góðu spilararnir gera vel og héldum svo aftur heim í íbúð.

Miðvikudagur 9. nóvember

Þessi dagur byrjaði einnig snemma og krakkarnir áttu tvíliðaleiki í fyrstu umferð. Strákarnir spiluðu við sterkt par frá Tævan (Chinese Tapei). Stákarnir áttu mjög erfitt uppdráttar og komust sjaldan í sókn og andstæðingarnar voru fljótir að refsa strákunum fyrir lélegar ákvarðanatöku. Þessi leikur sýndi hversu mikilvægir fyrstu fjórir boltarnir eru í tvíliðaleik. Leikurinn tapaðist 21-10 og 21-7.

Stelpurnar spiluðu á sama tíma svo enn reyndi á landsiðspjálfa að hlaupa á milli valla. Stelpurnar spiluðu við par frá Singapúr og oft á köflum gerðu þær mjög vel að halda spilinu í gangi. Þær lentu þó í smá vandræðum sóknarlega og voru yfirleitt fyrr til að klúðra boltanum og töpuðu fyrri lotunni 21-14. Seinni lotan var mjög góð og stelpurnar gáfu allt sem þær áttu í leikinn en lotan var samt svipuð þeirri fyrri. Það gekk vel að senda langar uppgjafir en þó hefði þurft aðeins meiri gæði í flikkin. Seinni lotan tapaðist 21-18 og var þetta án efa besti leikur Þórunnar í einstaklingskeppninni. Við settumst niður og ræddum aðeins hvað betur hefði betur mátt fara í leikjunum.

Næsti leikur var tvenndarleikur hjá Öldu og Davíð gegn indversku pari. Við vissum fyrirfram að leikurinn yrði erfiður en krakkarnir spiluðu of mikið flatt spil og reyndu að spila milliboltum framhjá stelpunni sem hentaði andstæðingunum vel. Þegar krakkarnir náðu að lyfta boltanum eða pressa strákinn aftur á völl þá gekk spilið mun betur en svo duttu þau aftur í flatt milliboltaspil þar sem þau voru alltaf undir. Leikurinn tapaðist 21-12 og 21-12. Þetta tap þýddi að við höfðum lokið keppni á mótinu. Við ræddum aftur það sem betur hefði mátt fara og eyddum svo restinni af deginum í að horfa á keppnina og slökuðum svo á í íbúðinni.

Fimmtudagur 10. nóvember

Á fimmtudeginum áttum við æfingu í æfingahöllinni frá 12:00-13:45. Við horfðum aðeins á nokkra leiki í höllinni áður en við héldum svo út í æfingahöll. Á æfingunni reyndum við að vinna í því sem við töldum okkur þurfa að bæta en Atli tók því aðeins meira rólegra þar sem hann var enn frekar aumur í ökklanum. Á þessum tíma voru krakkarnir greinilega orðnir svolitið þreyttir enda búin að vera löng ferð og margir leikir svo gæðin voru ekki alveg þau bestu á æfingunni. Eftir það fengum við okkur að borða og svo fengu krakkarnir frjálsan tíma en landsliðsþjálfari fór út í höll og horfði á keppnina.

Föstudagur 11. nóvember

Við notuðum morguninn í að ganga frá íbúðinni eftir okkur og kláruðum að pakka. Við héldum upp á völl um hádegisbilið þar sem Alda átti flug um hálf þrjú leitið en við hin ekki fyrr en um hálf fimm. Alda kvaddi okkur á flugvellið en hennar flug var frá Bilbao til Parísar og þaðan heim til Noregs. Við hin flugum frá Bilbao til Barcelona og þaðan til Keflavíkur og lentum rétt fyrir miðnætti. Ferðin gekk vel og öll flug voru á áætlun.

Kínverjar voru sigursælir á mótinu en þeir sigruðu liðakeppnina og fengu fjögur gull í einstaklingskeppninni, aðeins í tvíliðaleik kvenna þar sem Japanir sigruðu en þar fengu Kínverjar silfur. Í undan og úrslitaleikjunum voru einungis spilarar frá Asíu. Þetta mót er það langbesta sem við getum sent á, þar sem spilað er um öll sæti í liðakeppninni og því nánast öruggt að við spilum við þjóðir sem eru svipaðar okkur að styrk.

Atli Jóhannesson,
aðstoðarlandsliðsþjálfari

Skýrslur aðildafélaga

Tennis- og badmintonfélag Siglufjarðar



Stofnað 05.12.1964

Ársskýrsla 2017

Aðalfundur TBS var haldinn í Aðalbakarí 18. apríl 2016. Á fundinum voru ársskýrsla og reikningar félagsins samþykktir. Allir í stjórn gáfu kost á sér áfram. Stjórn Tennis- og badmintonfélags Siglufjarðar skipa: María Jóhannsdóttir formaður, Magnús Magnússon gjaldkeri, Vilborg Rut Viðarsdóttir ritari, Ólafur Helgi Marteinsson varaformaður og Bjarni Árnason meðstjórnandi. Átta stjórnarfundir voru haldnir á árinu.

Iðkendur á tímabilinu jan. – apríl voru samtals 48 / 3 hópar. Iðkendur á tímabilinu sept – des. voru samtals 48 / 2 hópar. 24. september buðum við 3. og 4. bekk í Grunnskólanum að koma á æfingar 2x í viku, frítt á æfingar fyrir þau til áramóta. 14 krakkar mættu, síðan bættist við næstu vikur á eftir þar til þau voru alls 19.

Sólrún Anna Ingvarsdóttir og Sigríður Ása Guðmarsdóttir voru valdar til að mæta á landsliðsæfingu í byrjun árs. Þær hafa verið duglegar að mæta suður.

Aðalþjálfari er María Jóhannsdóttir.

Þessi mót sóttum við og héldum.

23.-24.01. Unglingamót TBR RIG leikar A-mót með 2 keppendur

13.-14.02. Landsbankamót ÍA Akranesi A-mót með 2 keppendur

11.-13.03. Íslandsmót unglinga Akranesi A-mót með 22 keppendur

19.-20.02. Þorlákshöfn B-mót með 19 keppendur

12. og 14. apríl Siglufjarðarmót með 48 keppendur

30. 04. Norðurlandsmót Siglufirði með 38 keppendur/samtals: 49 keppendur frá 3 félögum

01.-02.10. Unglingamót TBS A-mót með 27 keppendur/samtals: 95 keppendur frá 7 félögum

01.12. Unglingamót TBS Siglufirði B-mót með 48 keppendur/samtals: 61 keppandi frá 2 félögum

Í lok árs eru tilnefndir badmintonmenn ársins. Þessi voru valin: Sólrún Anna Ingvarsdóttir ung og efnileg og Bjartmar Ari Aðalsteinsson ungur og efnilegur. Þessi voru tilnefnd líka: Sigríður Ása Guðmarsdóttir og Gísli Marteinn Baldvinsson.

Happdrættismiðasala fyrir BSÍ gekk mjög vel, eins og alltaf. Einn stór vinningur kom í bæinn, kom hann á góðan stað, verðmæti 300 þús. kr. ferðavinningur.

Fjáröflun: Auglýsingaskilti í íþróttahúsi, firmakeppni og lakkrissala.

06.12. Firmakeppnin: Krakkarnir spiluðu sjálf að þessu sinni, 10 pör.

1. Snyrtistofa Hönnu – Spilarar: Oddný Halla Haraldsdóttir og Mikael Sigurðsson.
2. Rammi hf. Skrifstofa – Spilarar: Annar Brynja Agnarsdóttir og Amalía Þórarinsdóttir.

Í desember voru nokkrir krakkar hjá okkur boðuð á landsliðsæfingu til Reykjavíkur í TBR. Hrafnhildur Edda Ingvarsdóttir mætti ein. Milli jóla og nýárs var svo aftur boðað til æfinga. Gísli Marteinn Baldvinsson og Alex Helgi Óskarsson mættu þar. Óheppilegur tími fyrir okkur á landsbyggðinni, langt að fara, allra veðra von og fólk í vinnu.

Við höfum leiktíma í síðasta tíma fyrir jólafrí, breyttum til og vorum með heitt súkkulaði og kökur, þar sem Sinawik konur gáfur okkur kakóið, Frida súkkulaðihús gaf okkur súkkulaðibita, Maja og Rut bökuðu (Rut og Sibba aðstoðuðu svo við þetta). Einnig bjóðum við foreldrum að koma í gestatíma og spila við krakkana. ÚÍF er með Vetrarleika þar sem við erum með opna tíma fyrir gesti og gangandi.

Fyrirtæki og einstaklingar styðja vel við unglingastarfið hjá okkur og fá þau bestu þakkir fyrir stuðninginn. Foreldrastarfið er mjög gott. Þau taka virkan þátt og eiga þakkir fyrir alla hjálpin.

María Jóhannsdóttir formaður



Verðlaunahafar á Siglufjarðarmótinu /og verðlaun fyrir góða ástundun, vantar marga á myndina.

Yngstu krakkarnir með sín verðlaun



Badmintondeild KR



Stjórn deildarinnar

- Formaður Reynir Guðmundsson
- Ritari Unnur Rán Reynisdóttir
- Gjaldkeri Alexander Tonini
- Meðstjórn: Eyjólfur Gunnarsson, Jóhann Örn Bjarnason og Óskar Bragason

Iðkendur og æfingar

Iðkendafjöldi er svipaður og undanfarin ár eða um 50 talsins. Skipting í æfingahópa var einnig eins eða byrjendur 2 vikulegar æfingar, stelpur 2 séræfingar og svo tveir keppnis-hópar 4 æfingar hvor. Stelpur geta valið um að æfa sér og eins geta þær æft með keppnishópum eins og þær vilja. Það má segja að allir iðkendur eigi að hafa aðgang að nægum fjölda æfinga til að vera á meðal þeirra bestu á Íslandi. Í dag höfum við hinsvegar ekki aðstöðu til að bjóða uppá fullorðinsæfingar vegna þess að allir úthlutaðir tímar fara í barna- og unglingastarf. Þetta aðstöðuleysi stendur deildinni fyrir þrífum og hindrar það að hún geti vaxið í samræmi við eftirspurn. Það heldur alltaf áfram að vera eftirspurn eftir tímum fyrir fullorðna en þeim fyrirspurnum er svarað með að vísa á TBR, BH í Hafnarfirði eða Aftureldingu í Mosfellsbæ.

Keppnir:

KR átti keppendur á flestum mótum unglinga og einnig kepptu okkar sterkustu krakkar á fullorðinsmótum. Árangur okkar keppenda var góður eins og hér má sjá.

- Íslandsmeistarar 2016
Magnús Daði Eyjólfsson í tvíliðaleik U-15 ásamt Brynjari Má Ellertssyni ÍA
Jóhannes Orri Ólafsson í tvíliðaleik U-17 ásamt Kristni Breka Haukssyni UMFA
- Íslandsmeistarar 2017
Karolina Prus í tvíliðaleik U-15 ásamt Katrínu Völu Einsdóttur BH
Kristín Magnúsdóttir í einliðaleik B-flokki U-15
- Önnur mót
Karolina Prus, Sigurður Patrik Fjalarsson, Magnús Daði Eyjólfsson, Berglind Magnúsdóttir, Magnús Már Magnússon og Kristín Magnúsdóttir sigruðu í einliða, tvíliða og tvenndarleik á mörgum stigamótum BSÍ.

Mótahald:

Badmintondeild KR hélt þrjú opin fullorðinsmót sem eru hlutar af Dominosmótaröð BSÍ. Það er mikil vinna í kringum þessi mót og mikilvægt fyrir deildina að framkvæmd mótana sé fagleg. Þetta hefst með mikilli vinnu stjórnarmanna og duglegra krakka sem eiga hrós skilið fyrir sinn þátt.

- **Óskarsmótið** sem haldið er í minningu Óskars Guðmundssonar fyrrverandi formanns deildarinnar og margfalds Íslandsmeistara. Keppt er í öllum greinum og flokkum fullorðinna.
- **SET mótið** þar sem keppt var í öllum greinum og flokkum fullorðinna. Mjög góð þátttaka.

- **Haustmót KR** keppt í tvíliða- og tvenndarleik. Þokkaleg þátttaka.

Landslið:

Sex krakkar voru boðuð á æfingar með U15 og U17 landsliðum BSÍ.

Karolina Prus var valin í U17 landsliðið til keppni á Denmark Junior.

Magnús Daði Eyjólfsson valinn til að fara til Slóveníu fyrir hönd Íslands í Sumarskóla á vegum Badminton Europe.

Sigurður Patrik Fjalarsson og Karolina Prus voru valin fyrir Íslands hönd í Nordic Camp æfingabúðirnar.

Magnús Daði keppti í Færeyjum og Danmörku.



Þjálfarar eru Óskar Bragason, Unnur Rán Reynisdóttir og Reynir Guðmundsson.

Badmintondeild Aftureldingar



Stjórn

- Formaður: Brynja Georgsdóttir
- Gjaldkeri: Haukur Örn Harðarson
- Ritari: Jóna Björg Ólafsdóttir
- Meðstjórnandi: Egill Magnússon

Þjálfarar deildarinnar: Árni Magnússon, Einar Óskarsson og Anna Margrét Guðmundsdóttir

Æfingar og iðkendur

Á bæði haust- og vorönn voru á milli 40-50 iðkendur skráðir hjá deildinni. Iðkendum hefur verið skipt upp í tvo aldurshópa, það sem við köllum Unglingahóp 12+ og síðan Yngri hópur það eru krakkar á aldrinum 6-11 ára. Krakkarnir æfa þrisvar sinnum í viku. Þar sem yngri hópurinn er mjög fjölmennur og á breiðu aldursbili þá hafa eldri krakkar í Unglingahóp aðstoðað við æfingar. Það fyrirkomulag hefur reynst mjög vel og fá eldri krakkar góða æfingu í að miðla af sinni þekkingu og reynslu. Deildin hefur einnig haldið úti svokölluðum Trimmhóp, sem æfir 3svar í viku. Þetta er hópur fullorðinna sem æfir með keppni í huga. Þessi hópur tekur þátt í flestum af þeim badmintonmótum sem í boði hafa verið á vegum Badminton-sambands Íslands.



Starfsemin

Nokkrir iðkendur hafa tekið þátt í unglingamótum á vegum BSÍ, yngstu krakkarnir hafa verið dugleg að sækja B og C mót, síðan hefur Trimmhópurinn okkar sótt flest fullorðinsmótin.

Síðastliðið haust var byrjað að nota Teknika æfingakerfið fyrir yngsta hópinn, það fyrirkomulag hefur gengið mjög vel og verður gaman að fylgjast með árangrinum þegar fram líða stundir.

Í lok nóvember hélt deildin hið árlega Unglingamót sem er hluti af Dominos mótaröð BSÍ. Keppt var bæði laugardag og sunnudag.

Í október þá var farið í æfingaferð með eldri hópinn, farið var til Þorlákshafnar og dvalið yfir helgi. Tókst það vel í alla staði bæði þjappaði hópnum vel saman, ásamt að farið var vel yfir ýmis tækniatriði í íþróttinni.

Í lok hverrar annar höfum við haft fjölskyldutíma, þá er foreldrum og systkinum boðið að koma og spila með börnunum að því loknu er pizzu veisla áður en haldið er í jóla- eða sumarfrí. Þetta hefur mælst vel fyrir og sjáum við sífellt fleiri sem koma og spila með börnunum sínum.



Rekstur og fjáraflanir

Deildin er rekin af æfingargjöldum og rekstrarstyrkjum frá Mosfellsbæ. Staða deildarinnar er góð enda er mikils hófs er gætt í öllum útgjöldum. Badmintondeild Aftureldingar horfir björtum augum til framtíðarinnar, við erum í ört stækkandi samfélagi og með aukinn fjölda iðkenda. Það sem helst gæti hamlað að við náum að vaxa og dafna almennilega væri ef ekkert væri að gert að íþróttaaðstaðan myndi ekki getað borið alla þá aukningu sem er samfara auknum fjölda bæjarbúa.

f.h. Badmintondeildar Aftureldingar
Brynja Georgsdóttir,
formaður



Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur



Útleiga á badmintontímum

Helstu tekjur TBR er útleiga á badmintontímum til almennings. Vallarleigan í vetur hefur verið á svipuðum nótum og undanfarin ár. Smávegis hefur þó dregið úr leigu fastra tíma, en í staðinn hefur fjölgað þeim einstaklingum sem kaupa 10 tíma kort, eða leigja staka tíma.

Keppnishópur

Keppnishópur fullorðinna í TBR er ágætlega fjölmennur með 34 leikmönnum í vetur. Í keppnishópi eru ungir leikmenn sem eru að stíga sín fyrstu skref í fullorðinsflokki í bland við eldri leikmenn hvort heldur sem er í A-flokki eða Meistaraflokki. Flestir leikmennirnir hafa alist upp hjá TBR frá unga aldri og metnaður þeirra liggur í að æfa vel og standa sig á mótum. Æfingar fyrir keppnishópinn eru öll kvöld vikunnar, en þó er mismunandi hversu mikið hver og einn æfir. Þjálfarar keppnishópsins í vetur eru þeir Árni Þór Hallgrímsson, Atli Jóhannesson (frá áramótum), Broddi Kristjánsson, Jónas Huang og Skúli Sigurðsson (til áramóta).

Keppnishópur – Börn og unglingar

Leikmenn í keppnishópi barna og unglinga æfa með keppni í huga og eru margir með það að markmiði að komast í fremstu röð. U11, U13 og U15 samanstendur af 27 leikmönnum og U17 og U19 af 16 leikmönnum.

Þjálfun yngri barna og miniton

Árni Þór Hallgrímsson og Eiður Ísak Brodddason þjálfa 6-8 ára á þriðjudögum, og Árni og Kristófer Darri Finnsson á föstudögum. Fín mæting hefur verið í tímana í vetur. Aðaláherslan í þessum tímum er að badminton sé skemmtilegt og að það sé gaman.

Þjálfun eldri barna og unglinga

Stórir hópar barna og unglinga æfa badminton hjá TBR sem er mjög ánægjulegt. Þessir krakkar æfa með það í huga að þeim þykir gaman að spila og vera með vinum sínum og hreyfa sig. Eru ekki endilega að æfa með keppni í huga.

Skólabadminton

Í vetur var um 400 börnum í 4. bekk úr nokkrum skólum boðið að koma í skólabadminton í eina önn. Krakkarnir úr Langholtsskóla eru reyndar hjá okkur allan veturinn eða á meðan skólaárið varir og eru tímarnir innan stundatöflu skólans. Öll börnin fá gefins spaða frá TBR til að nota í tímunum.

Þróunarhópur

Starf Þróunarhópsins hélt áfram í vetur eins og undanfarin ár. Verkefnið gengur út á að meistaraflokksleikmaður tekur að sér yngri leikmann í svokallað „fóstur“. Þessir tveir leikmenn hittast svo 12 sinnum yfir önnina og fær yngri leikmaðurinn einkatíma hjá þeim eldri.

Sumarskóli

Sumarskóli TBR er leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 6-13 ára þar sem aðaláherslan er lögð á badminton. Sumarskólinn hefur verið starfræktur í um þrjá áratugi og hefur verið mjög vinsæll og vel sóttur.

Forvarnarhópur

Forvarnarhópurinn hefur verið starfræktur í vetur undir styrkri umsjón Árna Þórs Hallgrímssonar. Forvarnarhópurinn samanstendur af ungmennum sem hafa kosið að temja sér þann heilbrigða lífsstíl að neyta ekki áfengis, tóbaks eða annarra vímuefna.

Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð TBR unglunga var haldin í Þróttheimum í lok maí. Fjöldi TBR krakka mætti þar og var öllum boðið í pizzu og gos. Á dagskrá var fjöldi leikja og þrauta, sem þau voru búin að undirbúa og skipuleggja. Í lokin voru svo veitt verðlaun fyrir framfarir, hegðun og árangur á árinu.

Evrópukeppni félagsliða 2016

Evrópukeppni félagsliða var haldin í Tours í Frakklandi í júní. Lið TBR skipuðu: Daníel Jóhannesson, Sara Högnadóttir, Kári Gunnarsson, Rakel Jóhannesdóttir, Margrét Jóhanns-dóttir og Davíð Bjarni Björnsson. Fararstjóri og þjálfari var Skúli Sigurðsson. Liðið keppti fyrst gegn BK 1973 Deltacar Benatky frá Tékklandi. Við unnum þann leik 4:1. Næst var leikið gegn frönsku liði, BC Chambly Oise, og þá töpuðum við hins vegar 4:1. Sigurinn gegn Tékkum nægði okkur hins vegar til áframhaldandi keppni milli riðla. Í 8 liða úrslitum lékum við svo við Issy Les Moulineaux frá Frakklandi. Eftir 3 tapleiki okkar var keppni hætt, eins og venja er í útsláttarleik. Frakkar höfðu leyfi til að senda 2 lið í þetta mót, og lentum við á móti báðum. Leikmenn þeirra voru sumir hátt skráðir á heimslistanum og margir á leið á Ólympíuleikana í Brasílu. Við vissum því að við áttum litla möguleika á sigri, en menn fóru heim reynslunni ríkari.

TBR-opið 2016

TBR-opið var haldið 15. og 16. október. Keppt var í öllum greinum í Meistara-, A- og B-flokkum. Kristófer Darri Finnsson og Margrét Jóhannsdóttir sigruðu í einliðaleik. Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson sigruðu í tvíliðaleik karla, en Margrét Jóhannsdóttir og Sunna Ösp Runólfssdóttir í tvíliðaleik kvenna. Daníel Thomsen og Margrét Jóhannsdóttir sigruðu í tvenndarleik.

Danmerkurferð í nóvember

13 TBR-ingar fóru í keppnisferð til Danmerkur í byrjun nóvember. Flestir þeirra tóku þátt í opnu A-, B og C-móti í Solrød Strand í Danmörku, en auk þess áttum við þátttakanda í M-móti í Lillerød.

Meistaramót TBR 2017

Meistaramót TBR var haldið í byrjun janúar. Eiður Ísak Broddason varð TBR meistari í einliðaleik karla eftir sigur á Kristófer Darra Finnssyni. Margrét Jóhannsdóttir vann Örnu Karen Jóhannsdóttur í einliðaleik kvenna. Davíð Bjarni Björnsson og Kristófer Darri Finnsson sigruðu í tvíliðaleik karla, en Margrét Jóhannsdóttir og Sigríður

Árnadóttir í tvíliðaleik kvenna. Loks unnu þau Daníel Thomsen og Margrét Jóhannsdóttir tvenndarleikinn.

Reykjavík International Games - RIG - unglinga

RIG - Unglingameistarmót TBR var í byrjun febrúar. Dagsetningu var breytt frá sl. ári og var mótinu seinkað um tvær helgar. Þetta var í tíunda sinn sem RIG er haldið, og hefur Unglingameistaramót TBR ætíð verið hluti af þessum viðburði. Fjöldi íþróttagreina, umfang og umgjörð hafa aukist ár frá ári, og er RIG því farið að teygja sig á tvær helgar. Miklu var tjaldað til í tilefni 10 ára afmælisins og voru m.a. haldnar veglegar lokahátíðir í Laugardagshöllinni. TBR krakkar tóku þar þátt í íþróttasýningum með badmintonleik. 130 Færeyingar komu til okkar í tilefni badmintonmótsins, um 70 keppendur og svo 60 foreldrar, fararstjórar og þjálfarar. Við fengum líka góðan gest frá Noregi, Emeliu Petersen Norberg, sem keppir reyndar fyrir TBR.

IKAST 2017

11 unglingar í flokkum U17 og U19 fóru til Ikast í Danmörku í mars. Gist var í stóru sumarhúsi og voru þau Sigfús Ægir Árnason, Árni Þór Hallgrímsson og Unnur Einarsdóttir með í för. Þetta mót er haldið árlega og er ristastórt og haldið í mörgum íþróttahöllum í Ikast og nálægum kaupstöðum. Unglingarnir okkar kepptu í M-, A- og B flokkum í mótinu.

Unglingaráð TBR

Í Unglingaráði TBR voru þau: Kristófer Darri Finnsson formaður, Þórunn Eylands, Sigríður Ása Guðmarsdóttir, Kjartan Örn Bogason og Atli Tómasson. Ívar Oddsson var Unglingaráði til aðstoðar í mótunum. Unglingaráðið sér um Vetrarmót, Jólámót og RIG-Unglingameistaramót TBR.

Samstarf við Fjölbrotaskólann við Ármúla

Ármúlaskóli og TBR eiga í samstarfi. Nokkrir nemendur skólans, sem eru jafnframt í keppnisliði félagsins eiga kost á því að mæta á badmintonæfingar snemma morguns allt að þrisvar í viku, og fá þetta metið til eininga í skólanum.

Framkvæmdastyrkur

TBR fékk framkvæmdastyrk að upphæð 13.5 milljónir frá Reykjavíkurborg nú í febrúar. Þetta er uppgjör fyrir stórar viðhaldsframkvæmdir á árunum eftir hrun, en allir styrkir til slíks féllu þá niður hjá borginni í nokkur ár.

Mótsstjórn

Mótsstjórn TBR er undir stjórn Unnar Einarsdóttur. Með henni starfa svo Haraldur Sigfússon, Laufey Sigurðardóttir og Árni Gestur Sigfússon. Fleiri eru kallaðir til ef þörf er á. Mót á þeirra vegum eru Einliðaleiksmót, Haustmót, TBR-opið og Meistaramót TBR.


Mörg badmintonmót

TBR-ingar sækja mót og keppnir hjá öðrum félögum og við fáum einnig fjölmarga gesti í mótin hjá okkur. Við þökkum KR, BH, ÍA, TBS, Hamri-Hveragerði, Þór-Þorlákshöfn,



UMSB, Samherja og UMFA kærlega fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða með þökk fyrir allar heimsóknir og heimboð.

Badmintonfélag Hafnarfjarðar



2015 – 2016

Um 300 iðkendur eru skráðir í Badmintonfélag Hafnarfjarðar og hafa iðkað badminton í Íþróttahúsinu við Strandgötu tímabilið 2016-2017. Hér verður stiklað á stóru í starfsemi félagsins.

Sumarið 2016

Sumaræfingar keppnishópa félagsins hófust í lok júní með þrekprófum. Æft var 1x í viku badminton í júní og júlí en 2x í ágúst. Kjartan Ágúst Valsson og Erla Björg Hafsteinsdóttir sáu um æfingarnar.

Fjórða árið í röð var boðið uppá sumarnámskeið í badminton í Strandgötunni. Um var að ræða fjögur viku námskeið 3 klst á dag, ýmist fyrir eða eftir hádegi. Skipt var í tvo hópa, annars vegar 6-12 ára byrjendur og styttra komna og hinsvegar 10-15 ára vana keppniskrakka. Yfirumsjón með námskeiðunum hafði Kristinn Ingi Guðjónsson en honum til aðstoðar voru þau Þórður Skúlason, Elías Kári Huldarsson, Una Hrund Örvar og Katrín Vala Einarsdóttir.

Fimm leikmenn BH voru valdir í landsliðsverkefni sumarið 2016, Katrín Vala og Una í Nordic Camp í Svíþjóð, og Kristian Óskar, Þórður og Halla María í North Atlantic Camp á Akranesi.

Æfingahópar

Skipulag æfinga gekk mjög vel í vetur. Iðkendum var skipt upp í 5 hópa barna- og unglunga, 3 keppnishópa og 2 hópa fullorðinna. Tveir eða fleiri þjálfarar voru á öllum æfingum barna- og unglunga. Yfirumsjón með keppnishópum hafði Kjartan, Kristinn Ingi, Róbert og Garðar sáu um trimmhópana og Anna Lilja hafði umsjón með öðrum hópum.



Þjálfarar

Hjá félaginu störfuðu þrettán þjálfarar á tímabilinu en þau voru Anna Lilja Sigurðardóttir, Anna Margrét Guðmundsdóttir, Elín Ósk Traustadóttir, Erla Björg Hafsteinsdóttir, Eyrún Björg Guðjónsdóttir, Frímann Ari Ferdinandsson, Garðar Hrafn Benediktsson, Irena Ásdís Óskarsdóttir, Kjartan Ágúst Valsson, Kristinn Ingi Guðjónsson, Kristín Sif Þórarinsdóttir, Róbert Ingi Huldarsson, Sigurður Eðvarð Ólafsson,

Badmintonfélag Hafnarfjarðar leggur mikla áherslu á að hjá félaginu starfi menntaðir badmintonþjálfarar. Allir þjálfarar hafa lokið fyrsta stigi þjálfaramenntunar BSÍ eða alþjóðlegum þjálfaranámskeiðum og margir eru auk þess með frekari badmintonmenntun og jafnvel víðtæka íþróttatræðimenntun. Við erum mjög stolt af þjálfurunum okkar og þakklát fyrir að hafa svona öflugan hóp innan félagsins.

Mótahald

Á þessu tímabili voru þrjú badmintonmót á dagskránni í Strandgötunni; Meistaramót BH, Íslandsmót unglingaliða og Snillingamót BH.

Rúmlega 80 manns frá 6 félögum tóku þátt í **Meistaramóti BH** í nóvember. Spilað var á keppnismottum félagsins og mikið lagt í flotta umgjörð og glæsileg verðlaun eins og undanfarin ár. Í meistaraflokki var Sigríður Árnadóttir sigursælust en hún sigraði bæði í tvíliða- og tvenndarleik, sigurvegarar í einliðaleik voru þau Arna Karen Jóhannsdóttir og Jónas Baldursson. 11 BH-ingar unnu til verðlauna á mótinu.



Fjölmarginir komu að framkvæmd mótsins. Her manna þarf til að setja keppnismotturnar á gólfið en það voru um 20 manns sem tóku þátt í uppsetningunni og svipaður fjöldi í frágangi, þá voru 3 dómarar á vaktinni alla helgina og um 15 börn og unglingar sáu um að telja. 6 einstaklingar skiptu með sér mótsstjórn og keppnishópur unglinga sá um að vera með veitingasölu í húsinu alla helgina. 27 BH-ingar kepptu í mótinu og Kjartan Þjálfari studdi þá með ráðum og dád. Sannarlega samhendur hópur sem gerði þetta allt að veruleika.

Íslandsmót unglingaliða í badminton átti að fara fram í Íþróttahúsinu við Strandgötu í lok apríl. Því miður var skráning svo dræm að ekki var hægt að halda mótið og vorum við BH-ingar mjög svekt yfir því. 10 lið frá BH ætluðu að taka þátt en aðeins 4 lið skráðu sig frá TBR, 1 frá ÍA, Aftureldingu og Samherjum. Líklega verður mótið ekki haldið aftur, amk ekki sem Íslandsmót.

Snillingamót BH fór fram í sjötta sinn í Strandgötunni í byrjun maí. 75 keppendur frá fimm félögum tóku þátt og er það nýtt þátttökumet. Keppt var í U9 og U11 flokkunum á minni velli og með lækkuðu neti til að ýta undir útsjónarsemi. Allir fengu amk 6 leiki og voru verðlaunaðir í mótslok með flottum badmintonbol. Lögð er áhersla á að geturæða eftir hverja umferð þannig að sem flestir fengu jafna og skemmtilega leiki og tókst það mjög vel.

Fjölskyldutímar

Alla sunnudaga í vetur stóð BH-ingum og fjölskyldum þeirra til boða að mæta í opna fjölskyldutíma í Strandgötunni líkt og undanfarin ár. Þjálfari sá um að skipta inn á velli ef mæting var meiri en pláss leyfði og hægt var að fá kúlur og spaða lánaða á staðnum.

Þetta voru skemmtilegir tímar sem okkur finnst gefa fólkinu okkar mikið og stefnum við á að halda þeim áfram.

Á sunnudögum æfir líka U9 hópurinn okkar með foreldrum í einskonar miniton fyrirkomulagi. Það hjálpar mikið að hafa foreldra með hjá yngstu krökkunum því þau ná að slá oftár í kúluna ef fullorðinn kastar henni vel til þeirra og þá ná þau fljótar tökum á íþróttinni. Svo er líka mjög mikilvægt að foreldrar þekki íþrótt barna sinna.



Virkir BH-ingar

BH-ingar hafa verið sérstaklega virkir í starfi Badmintonsambandsins undanfarin ár. Kristján Daníelsson, varaformaður BH, er formaður Badmintonsambandsins. Sólveig Ósk Jónsdóttir er í Mótanefnd BSÍ og í Fræðslunefnd BSÍ sitja tveir BH-ingar þau Anna Lilja Sigurðardóttir og Frímann Ari Ferdinandsson. Frímann Ari er auk þess formaður Afreks- og landsliðsnefndar BSÍ. Þá eru endurskoðendur BSÍ einnig BH-ingar en það eru þau Hörður Þorsteinsson og Helena Guðrún Óskarsdóttir.

Erla Björg Hafsteinsdóttir situr í stjórn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar fyrir hönd BH en varamaður er Hörður Þorsteinsson.

Sólveig Ósk Jónsdóttir hefur verið fulltrúi BH í dómaramálum undanfarið og dæmt á mótum Badmintonsambandsins og Badmintonfélagsins auk þess að sækja mót erlendis. Það er mikilvægt fyrir félagið að eiga fulltrúa í dómaraáttinni og erum við þakklát Sólveigu fyrir hennar vinnu.

Flest þetta fólk sem talið var upp hér að ofan situr einnig í stjórn BH ásamt fleiru góðu fólki sem heldur félaginu okkar uppi auk frábærs hóps þjálfara og áhugasamra iðkenda.

Landsliðsfólk og Íslandsmeistarar

Margir BH-ingar voru boðaðir á æfingar landsliðs- og úrvalshópa í vetur. Boð á landsliðs- og úrvalsæfingar er mikil hvatning og þökkum við Badmintonsambandinu og landsliðsþjálfurum fyrir öflugt starf.

Fjórir BH-ingar hafa verið valdir í verkefni á vegum landsliðsins í vetur. Harpa Hilmisdóttir er í afrekshóp BSÍ og keppti með honum í Færeyjum í vetur og fer einnig til Lettlands og Litháen í sumar. Þórður Skúlason, Katrín Vala Einarsdóttir og Halla María Gústafsdóttir voru valin í U17 landsliðið sem fer til Danmerkur í lok maí.

BH-ingar hafa staðið sig mjög vel á mótum vetrarins og unnið til margra verðlauna. Sérstaklega var árangurinn góður á Íslandsmóti unglunga þar sem leikmenn BH voru í undanúrslitum í 25 af þeim 33 flokkum sem keppt var í á mótinu, unnu 12 Íslandsmeistaratitla í A-flokkum og 3 í B-flokkum, 6 silfurverðlaun í A-flokkum og 4 silfurverðlaun í B-flokkum. Þetta er besti árangur sem félagið hefur náð á Íslandsmóti unglunga í 58 ára sögu félagsins. Fjórir BH ingar urðu Íslandsmeistarar og tveir unnu silfurverðlaun á Meistaramóti Íslands þá vannst einnig langþráður sigur í A-deild Deildakeppni BSÍ í febrúar.

Þó að titlar og landsliðssæti séu alltaf skemmtileg gulrót erum við samt stoltust af því hversu duglegt okkar fólk er að stunda íþróttina sína og keppa en BH-ingar tóku þátt í öllum mótum vetrarins á mótaskrá BSÍ.

Reksturinn

Rekstur Badmintonfélags Hafnarfjarðar gengur ágætlega og er þar mest að þakka miklu sjálfboðaliða starfi sem unnið er í félaginu. Við lítum björtum augum á framtíðina og vonum að draumur okkar um eigið húsnaði rætist fljótlega.

Takk fyrir veturinn kæru félagar í badmintonhreyfingunni, sjáumst næsta haust.

f.h. stjórnar BH,

Anna Lilja Sigurðardóttir
Ritari





Badmintonfélag Akraness



Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum 2. mars 2016. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir.

Ein breyting var á stjórn félagsins þetta árið Egill G. Guðlaugsson kom inn fyrir Rósu Björk Bjarnadóttur.

Stjórn félagsins :

Stjórn félagsins veturinn 2016-2017 :

Formaður :	Birgitta Rán Ásgeirsdóttir
Gjaldkeri :	Rannveig Guðmundsdóttir
Ritari :	Irena Rut Jónsdóttir
Meðstjórnendur :	Brynja Kolbrún Pétursdóttir og Egill G. Guðlaugsson

Iðkendur :

Fjöldi iðkenda hefur aðeins verið að aukast og á síðasta ári voru um 80 iðkendur sem skiptast í 3 flokka auk þess sem við höfum verið með trimmara. Ákveðið var að halda áfram verkefninu okkar að leyfa einum árgang að æfa frítt, þetta árið er það árgangurinn 2007 og eru nú um 15-20 krakkar að æfa í þeim aldursflokki. Haldið verður áfram með þetta áttak vonandi næstu árin allavega á meðan við höfum pláss á æfingum til þess og á meðan á uppbyggingu standur. Einnig erum við með opna tíma á sunnudögum sem hafa verið mjög vel nýttir og er ánægjulegt að sjá fólk á öllum aldri spila saman – jafnvel heilu fjölskyldurnar.



Myndir af 3. flokks æfingu



Þjálfarar :

Erfitt hefur verið að fá þjálfara fyrir eldri iðkendur en á seinasta ári tók Helgi Magnússon við allri þjálfun í félaginu þar sem Helgi Jóhannesson hætti síðastliðið vor. Honum til aðstoðar hafa verið Elvar Már Sturlaugsson og Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir, eins og á seinasta ári og hafa þau verið að hjálpa til með 2. og 3. flokk. Þau hafa staðið sig mjög vel og erum við ánægð að fá þau inn sem aðstoðarþjálfara.

Viðburðir starfsársins :

Badmintonfélag Akraness stóð fyrir þrem opnum badmintonmótum á árinu. Atlamótið var haldið í 24. - 25. september 2016 þar sem keppt var í meistara-, A- og B-flokki fullorðinna, Gríslingamótið var haldið 15. janúar 2017 fyrir U-11 og Landsbankamót ÍA

sem er unglingamót átti að vera haldið 25. – 26. febrúar 2016, vegna veðurs tókst aðeins að halda mótið á laugardeginum, seinni hluta mótsins var frestað til 5. mars 2017. Öll mótin gengu mjög vel fyrir sig og viljum við þakka öllum foreldrum sem hafa hjálpað til, þeirra hjálp er ómetanleg.



Atlamót ÍA – Irena Rut Jónsdóttir og Tómas Andri Jørgensen (ÍA) – Brynjar Már Ellertsson og Ingibjörg Rósa Jónsdóttir(ÍA-UMFS)

Mikil sátt ríkir um það hjá Badmintonfélagi Akraness að iðkendur geti bara æft en sleppt því að keppa. Við viljum fá sem flesta og mega allir vera á sínum eigin forsendum hjá félaginu.



Landsbankamót ÍA – Brynjar Már Ellertsson (ÍA) og Eysteinn Högnason (TBR)



Gríslingamót ÍA

Iðkendur félagsins tóku þátt í fjölda annarra móta á árinu, bæði unglinga- og fullorðinsmótum og hafa staðið sig mjög vel. Á þessi mót er oftast ákveðinn kjarni sem fer og á unglingamótin eru að fara í kringum 15 krakkar og á fullorðinsmótin í kringum 10 krakkar.



Á Meistaramóti Íslands 2016 eignuðumst við einn Íslandsmeistaratitil en Drífa Harðardóttir vann í tvíliðaleik með Rakel Jóhannsdóttur í meistaraflokki. Irena Rut Jónsdóttir og Harpa Kristný Sturlaugsdóttir fengu silfur í tvíliðaleika í B flokki. Aðalsteinn Huldarsson fékk einnig silfur í Æðstaflokki.





Myndir frá verðlaunaafhendingu á Meistarmóti Íslands 2016

Keppendur hjá Badmintonfélagi Akraness tóku þátt í RIG sem haldið var hér á landi. RIG unglingsmeistaramót TBR var haldið dagana 4. – 5. febrúar 2017 og RIG – Iceland Inter-national var haldið 26. – 29. janúar 2017.



Mynd frá RIG Unglingsmeistaramóti TBR

Næsta stórmót hjá unglingum er Íslandmeistaramótið sem haldið verður dagana 11. – 12. mars 2017.

Meistaramót Íslands verður svo haldið helgina 7. – 9. apríl 2017.

Akranesmót og lokahólf félagsins var haldið 22. maí 2016. Keppt var í einliða í U11 - U19 og fullorðinsflokki, tvíliðaleikurinn er svo þannig að það er einn spilar og einn fjölskyldumeðlimur sem spila saman. Gekk mótið mjög vel fyrir sig og voru allir almennt ánægðir með mótið. Veitt voru verðlaun fyrir bestu ástundun, mestu framfarir eldri og yngri, besta æfingarfélagann og spilara ársins en að þessu sinni var Brynjar Már Ellertsson valinn sem spilar ársins.

Einnig var Drífa Harðardóttir valin Badmintonkona ársins eftir góða framistöðu á Meistaramóti fullorðinna 2016.

Farnar voru tvær ferðir erlendis, önnur ferðin var til Færeyja frá 22. – 24. apríl á Junior Faroe Island Open, en þangað fóru 12 krakkar ásamt tveimur fararstjórum, var þetta í fyrsta skipti sem þetta mót er haldið og fannst stjórn Badmintonfélagsins tilvalið að fara þar sem krakkarnir okkar eru farin að þekkja krakkana í Færeyjum þökkalega til þess að halda þessum tengslum.

Einnig fóru sjö krakkar og tveir fararstjórar á Yonex Denmark Junior 2016. Krakkarnir á afreksbrautinni fóru og kepptu á Yonex Denmark Junior og fengu svo að horfa á topp spilara spila á Yonex Denmark open. Þetta var frábær ferð sem væri gaman að endurtaka við tækifæri.



Mynd af keppendum Íslands í Færeyjum

Landsliðsmál :

Eins og undanfarin ár átti félagið marga fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum landsliðsins.

Um jólin 2015 voru 14 krakkar valdir í landsliðs- og úrvalshóp og eru þau :

- U-19 – Elvar Már Sturlaugsson, Úlfheiður Embla Ásgeirsdóttir og Símon Orri Jóhannsson
- U-17 – Harpa Kristný Sturlaugsdóttir
- U-15 – Brynjar Már Ellertsson, Davíð Örn Harðarson, Erika Bjarkadóttir, Katla Kristín Ófeigsdóttir og Katrín Eva Einarsdóttir
- U-13 – María Rún Ellertsdóttir og Sindri Freyr Daníelsson
- U-11 – Máni Berg Ellertsson og Tristan Sölvi Jóhannsson

Evrópuskólinn var haldinn í Slóveníu dagana 9. – 16. júlí 2016 og fór Harpa Kristný Sturlaugsdóttir þangað sem fulltrúi frá Badmintonfélaginu.

North Atlantic Camp var haldið á Íslandi – Akranesi dagana 18. – 24. júlí 2016. María Rún Ellertsdóttir var valin að fara frá Badmintonfélagi Akraness sem spilari og Irena Rut Jónsdóttir sem þjálfari.





Myndir frá Nordic camp sem haldnar voru á Akranesi í júlí 2016

Nordic Camp var haldið í Svíþjóð dagana 8. – 13. ágúst 2016 og átti Badmintonfélagið einn fulltrúa þar en Brynjar Már Ellertsson fór á Nordic Camp.

Rekstur félagsins :

Almennur rekstur félagsins var rekinn með hagnaði í ár. Þetta árið voru aðeins færri fjáraflanir en í fyrra. Badmintonfélag Akraness hélt æfingabúðir fyrir Badminton-sambandið í júlí en auk æfingabúðanna voru þessar hefðbundnu fjáraflanir eldhús- og salernispappírssala.

Mikilvægt er að allir iðkendur séu duglegir að sinna fjáröflunum því ella þarf að hækka æfingagjöldin sem tekist hefur að halda í lágmarki undanfarin ár.

Framtíðarsýn :

Í dag er í gangi mikið uppbyggingarstarf ásamt því að taka fjármálin í gegn og hefur gengið ágætlega að halda fjármálunum í lagi seinasta árið og fær gjaldkerinn okkar mikið hrós fyrir það.

Okkar helsta framtíðarsýn er að stækka félagið og koma okkur aftur í fremstu raðir badmintonfélaga á landinu. Okkar helstu aðferðir í ár við að fjölga iðkendum var að leyfa einum árgangi að æfa frítt ásamt því að gefa nýjum iðkendum spaða og bol að gjöf. Við vonumst til að geta haldið þessu áfram á meðan við þurfum að vera í þessu uppbyggingarstarfi.

Framtíðarsýn fyrir Badmintonfélag Akraness er að koma iðkendum um og yfir 100 á næstu 3 árum og halda áfram okkar góða starfi með börnin.

Lokaorð og þakkir :

Í heildina litið er félagið mjög ánægt með árið sem er að líða, krakkarnir hafa sýnt miklar framfarir og staðið sig vel á mótum og verið til sóma fyrir Badmintonfélag Akraness.

Einnig teljum við að uppbyggingarstarfið sé farið að skila sér og vonumst við til að næsta ár verði enn þá betra.

Samherjar



Líkt og fyrri ár býður UMF Samherjar upp á fjölbreyttar íþróttir fyrir börn og unglinga í Eyjafjarðarsveit þar sem aðeins er greitt eitt æfingargjald og er badminton þar á meðal. Badminton „deildin“ hefur ekki á að skipa sérstakri stjórn en hefur tengilið inn í stjórn UMF Samherja og kemur nauðsynlegum upplýsingum á milli. Það er hins vegar starfandi foreldrafélag innan badmintondeildar, sem hefur séð um að skipuleggja ýmsar uppákomur, m.a. til að brjóta upp hefðbundnar æfingar. Sívinsælt bingó er haldið einu sinni á ári, í kringum öskudag er búningaæfing og hefð hefur verið fyrir páskamóti þar sem eldri og yngri iðkendur spila saman.

Í upphafi vetrarstarfsins var lagt upp með að aukið yrði við æfingar barna- og unglingaflokksins enda bráðefnilegur hópur þar á ferð. Tímum var fjölgað um einn þannig að þessi hópur fékk þrjár æfingar á viku í stað tveggja líkt og fyrri ár. Fjöldi iðkenda í badminton veturinn 2016-17 var svipaður og áður, ca. 40 einstaklingar í öllum hópum en hópum hefur verið skipt á eftirfarandi hátt hjá ungmennafélaginu undanfarin ár:

1. Miniton - hugsað fyrir 5-8 ára börn
2. Barna- og unglingaflokkur - fyrir 8-16 ára börn
3. Fullorðinsflokkur - fyrir 16 ára og eldri.

UMF Samherjar sitja oftast nær fyrir varðandi tíma í íþróttahúsinu, sem dreifast svo á milli íþróttagreinanna, sem boðið er upp á. Helstu erfiðleikar okkar að hausti er að fá þjálfara.

Miniton er í boði einu sinni í viku, á laugardagsmorgnum frá kl 10-11. U9-U13 æfðu þrisvar sinnum í viku þennan vetur, á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 16-17 og á laugardögum kl. 11-12. Einnig var boðið upp á opinn tíma á föstudögum kl. 17-19 og var hann hugsaður sem fjölskyldutími. Fullorðnir voru áfram með þrjár æfingar í viku, á miðvikudögum kl. 19-21, á föstudögum kl. 17-19 og á sunnudögum kl. 19-21.

Sonja Magnúsdóttir sá um þjálfun yngstu krakkana og Haukur Gylfi Gíslason og Konráð Þorsteinsson skiptu á milli sín þjálfun í barna- og unglingaflokki þennan vetur. Konráð sá einnig um þjálfun fullorðinna einu sinni í viku.

Í upphafi vetrar voru línur lagðar varðandi í hvaða mótum ætti að taka þátt sem hópur. Veðrið var a.m.k. til friðs þennan vetur og komumst við á öll mót, sem lögð voru upp með. Iðkendur í U-13 tóku þátt í Unglingamóti TBS, sem fram fór í október '16. Iðkendur í U-11 og U-13 fóru aftur til Siglufjarðar í desember '16 á annað unglingamót, þar sem nokkrir í yngri hópnum voru að taka þátt í móti í fyrsta skipti. Í millitíðinni, nóvember '16, heimsótti U-13 hópurinn UMF Aftureldingu heim og tók þátt í móti hjá þeim. Við komumst á Unglingamót Þórs í Þorlákshöfn í febrúar '17 og tókum þátt í Íslandsmótinu í mars '17. Að vanda stóðu sig allir með þryði á öllum þessum mótum og eignaðist UMF Samherjar annan Íslandsmeistara, nú í tvíliðaleik í U-13, Hildi Marín Gísladóttur. Eitt mót er eftir hjá hópnum þegar þetta er skrifað en það er Norðurlandsmót, sem að þessu sinni verður haldið á vegum UMF Samherja.



Sá iðkandi, sem hefur náð hvað lengst frá UMF Samherjum, Haukur Gylfi Gíslason, hefur verið meira og minna meiddur í vetur og hefur því ekki sótt eins mörg mót og hann hefði viljað en hann hefur verið í landsliðsæfingaráróp. Má segja að hann hafi komið, séð og sigrað á Meistaramóti Íslands fyrir stuttu, þar sem hann vann A-flokk karla.

Líkt og fyrri ár lítum við björtum augum til framtíðar! UMF Samherjar hefur á að skipa mörgum efnilegum iðkendum, sem með áhuga og réttu hugarfari eiga svo sannalega framtíðina fyrir sér 😊

Fyrir hönd badmintondeildar UMF Samherja,

Sonja Magnúsdóttir, þjálfari

Hamar

Það er búið að vera mikið líf og fjör hjá Badmintondeild Hamars á árinu.



Fjöldi iðkenda fer fjölgandi og erum við með verðandi badmintonsnillinga allt niður í 1. bekk og uppúr. Rúmlega 20 spilarar hafa verið að mæta á U11 æfingar þegar mest er.

Ný stjórn tók við í apríl 2016. Hákon Fannar Briem var kosinn formaður, gjaldkeri er Bjarndís Helga Blöndal og meðstjórnendur eru Þórður K Karlsson, Helga Björt Guðmundsdóttir og Ólafur Dór Steindórsson.

Sigurður Blöndal hóf sitt 21. starfsár sem þjálfari og Hrund Guðmundsdóttir var aðstoðarþjálfari með yngsta hópinn.

Unglingarnir keppa í unglingamótum og höfum við nokkra fullorðna sem taka þátt í A og B flokks mótum. Hrund og Tolli halda áfram að vera sigursæl í A mótum eins og undanfarin ár.



Hamar varð sigursælt á HSK mótinu í öllum flokkum og vann að sjálfsgöðu hinn fræga HSK bikar enn á ný.

Kjörismótið okkar er orðið fastur liður í mótaskrá BSÍ og hefur það tekist sérstaklega vel. Allir keppendur í U11 fengu verðlaunapening við lok móts og allir keppendur fengu svo ís frá Kjörís í lokin sem auðvitað vakti mikla lukku. Foreldrar stóðu sig með mikilli þrýði sem sjoppustjórar og er þetta ákaflega samhentur hópur sem við erum heppin að eiga að.

Við fórum í tvær dósasafnanir á árinu og hefði þátttaka mátt vera betri þar sem við náðum ekki að kemba allan bæinn. En við lærðum helling á þessu og vitum næst hvar á að byrja og hvernig við skipuleggjum þetta. Enn og aftur voru það foreldrar sem tóku á sig að keyra eða telja dósir og myndaðist nokkuð fín stemming í talningadeildinni þegar farið var að giska á fjöldann en Sigurður Blöndal stærðfræðikennari sér um að leggja saman allt sem er búið að telja.

Badmintonmaður/kona Hamars 2016 var Hrund Guðmundsdóttir.

Facebook síðan okkar er orðin mjög virk og þangað setjum við inn tilkynningar og annan fróðleik um íþróttina. Ætlum að vera duglegri að setja inn myndir af æfingum og mótum þar sem krökkunum finnst það mjög spennandi.

Nú fyrir skömmu veiktist Sigurður Blöndal og er í veikindaleyfi þangað til að annað kemur í ljós. Við sendum á hann batakvæðjur og vonum að hann hristi þetta af sér.

Það er gaman að sjá deildina stækka og dafna og vinna með skemmtilegum krökkum sem eiga framtíðina fyrir sér. Áfram Hamar!

F. h Badmintondeildar Hamars,

Hrund Guðmundsdóttir / Hákon Fannar Briem

UMF Skallagrímur



Stjórn

Sigríður Bjarnadóttir

Þjálfari deildarinnar er Helgi Magnússon.

Starf deildarinnar hefur verið með hefðbundnu sniði og undanfarin ár. Tvær æfingar á viku hjá yngri og eldri iðkendum. Fjöldi iðkenda jókst á haustmánuðum og má segja að það hafi verið yfirfullt á æfingum hjá yngri iðkendum og þá sérstaklega á miðvikudögum sem er afar ánægjulegt.



Badmintondeildin hefur ásamt öðrum deildum Skallagríms tekið þátt í íþróttaskóla síðustu ár og hefur það komið vel út þó svo að fjöldi sé alltaf svolítið rokkandi. Iðkendur geta valið hversu margar æfingar þau velja og með því fá þau betra tækifæri til að kynnst fleiri íþróttagreinum.



Í vetur var leikskólabörnum boðið upp á æfingar 1 sinni í viku og var æfingunum skipt niður á deildir Skallagríms. Sigríður Bjarnadóttir sá um að taka á móti þessum spræku krökkum og er það verkefni virkilega skemmtilegt en líka þínu flókið þjálfaralega séð því tímarnir voru í hádeginu og ekki einfalt að fá leiðbeinandi á þeim tíma. Fjöldi barnana var að jafnaði í kringum 25 og því líf og fjör á miðvikudögum í hádeginu þar sem þau kynntust lítilla badmintoníþróttinni í gegnum leiki og æfingar.



styrkleikalista og urðu Íslandsmeistarar í B-flokki núna vor 2017. Inga Rósa skilar sér í öllum greinum á top 5 á styrkleikalista í þeim flokkum sem hún keppir í. Inga Rósa hefur keppt á 2 alþjóðlegum mótum erlendis á árinu, í Færeyjum og á sterku móti í Danmörku þar sem hún hefur farið ásamt keppendum frá ÍA og KR og gengið ágætlega. Auk þess tóku þau í fyrsta skipti þátt í alþjóðamótinu Iceland International sem var ágætis eldskírn fyrir þau. Inga Rósa er í landsliðshópi Badminton sambands Ísland U17 ára.



Nokkrir einstaklingar hafa verið að sækja mót og gaman að það er áhugi hjá yngstu iðkendunum að taka þátt í B-mótum í U9 og U11 flokkum. Ingibjörg Rósa Jónsdóttir hefur tekið þátt í flestum mótum innan mótaraðar Badminton sambands Íslands og staðið sig vel. Hún ásamt Brynjari Má Ellertsyni urðu Íslandsmeistarar í tvenndarleik og Inga Rósa ásamt Andreu Nilsdóttur urðu Íslandsmeistarar í tvíliðaleik vorið 2016. Nú eru Inga og Brynjar á yngra ári og eru í þriðja sæti á styrkleikalista BSÍ í U17 og í B-flokki (fullorðinsflokkum) eru þau nr. 1 á



Badmintonkona Skallagríms 2016 var valin Ingibjörg Rósa sem jafnframt fékk viðurkenningu frá UMSB á Íþróttamanni Borgarbyggðar á top 10.

Stjórnarkrísan herjar á deildina og ekki hefur tekist að manna stjórn í vetur og hefur reksturinn rúllað eftir því. Vonandi rætist úr því með vorinu svo hið ágæta starf megi halda áfram sem hefur verið innan deildarinnar alla tíð.

Rekstur deildarinnar hefur verið í nokkru jafnvægi en sökum stjórnar- eða manneklu þá hefur ekki reynst

unnt að fara í fjáraflanir og okkar mikilvæga firmakeppni féll niður árið 2016 en æfingagjöld og árlegir styrkir hafa náð að kljúfa þjálfarakostnað að mestu.



F.h. Badmintondeild Skallagríms,

Sigríður Guðbjörg Bjarnadóttir formaður

Skýrsla Fræðslunefndar 2016 – 2017

Hér verður stiklað á stóru í fræðslutengdum verkefnum BSÍ á tímabilinu. Í fræðslunefnd veturinn 2016-2017 sátu Anna Lilja Sigurðardóttir, Birgitta Rán Ásgeirsdóttir, Frímánn Ari Ferdinandsson og Hrund Guðmundsdóttir. Nefndin fundaði einu sinni á tímabilinu.

Helgina 27.-28. ágúst stóð Badmintonsambandið fyrir námskeiði fyrir starfandi þjálfara í TBR húsinu þar sem Tinna Helgadóttir, landsliðsþjálfari, var kennari. Mjög góð mæting var á námskeiðið og mættu stór hluti starfandi þjálfara á landinu. Farið var yfir hvaða högg og æfingar ætti að kenna í hverjum aldursflokki og þar stuðst við Teknika æfingakerfið. Eftir námskeiðið fengu allir þjálfarar á landinu senda þjálfunaráætlun fyrir haustönnina frá Tinnu til að styðjast við í starfinu. Einnig var send áætlun fyrir vorönnina.



Tinna bauð þjálfurum að mæta á æfingabúðir landsliðanna í vetur og setti stuttar vídeó klippur með góðum æfingum inná hóp íslenskra badmintonþjálfara á Facebook. Frábært framtak hjá landsliðsþjálfaranum okkar og hvetjum við þjálfara til að vera duglega að nýta sér efnið frá henni og kíkja á æfingar.

Reglulega fær Badmintonsambandið beiðnir frá skólum og félögum um heimsóknir. Ekki reynist alltaf auðvelt að manna slíkar heimsóknir en það er reynt að mæta slíkum óskum eftir bestu getu. Best væri ef hægt væri að leggja meiri áherslu á þennan hluta fræðslustarfsins t.d. með því að ráða þjálfara í hlutastarf til að fara í slíkar heimsóknir.

Líkt og undanfarin ár fóru íslenskir þjálfarar á alþjóðleg námskeið á vegum Badmintonsambandsins síðasta sumar. Anna Margrét Guðmundsdóttir og Þorkell Ingi Eriksson fóru á þjálfaranámskeið Nordic Camp í ágúst í Svíþjóð en þau fóru einnig á North Atlantic Camp námskeiðið á Akranesi í júlí ásamt Irenu Rut Jónsdóttur. Irena fór einnig sem fararstjóri í Evrópusumarskólann í Slóveníu í júlí og ætlaði að taka þar þátt í þjálfaranámskeiði en hún veiktist því miður þarna úti og gat ekki setið allt námskeiðið.

Eitt Shuttle time námskeið var haldið á tímabilinu en það var haldið hjá Háskóla Íslands á Laugarvatni fyrir nemendur á 2. og 3. ári í janúar. Um 140 kennarar hafa farið á Shuttle Time námskeið hjá Badmintonsambandinu frá því verkefnið hófst árið 2012. Ekki er ólíklegt að búið sé að ná til langflestra áhugasamra starfandi íþróttakennara á landinu og því mikilvægt að reyna að koma verkefninu að í háskólunum.

Fræðslunefnd vill gjarnan fá ábendingar um áhugaverða fyrirlesara, námskeið eða annað sem fólk telur að geti verið áhugavert og fræðandi fyrir íslenska



badmintonhreyfingu. Einnig væri gaman að fá unga og áhugasama þjálfara inní nefndina sem hafa metnað til boða badminton fagnaðararindið. Hikið ekki við að hafa samband ef þið viljið starfa í fræðslunefnd, eruð með góða hugmynd eða fréttið af einhverju áhugaverðu.

f.h. Fræðslunefndar,
Anna Lilja Sigurðardóttir

Skýrsla Mótanefndar 2016 – 2017

Mótanefnd var kjörin þegar nýtt starfsár hófst. Fulltrúar í nefndinni eru Guðrún Björk Gunnarsdóttir TBR, Helgi Jóhannesson TBR, Irena Rut Jónsdóttir ÍA, Ívar Oddsson TBR, Laufey Sigurðardóttir ÍA, Sólveig Jónsdóttir BH og Vignir Sigurðsson TBR. Margrét Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri BSÍ er starfsmaður nefndarinnar. Nefndin fundaði tvisvar sinnum auk þess sem fulltrúar skiptu með sér skipulagi og vinnu við Iceland International og öll Íslandsmótin.

Stærsta verkefni mótanefndar og sambandsins, Iceland International var haldið í janúar. Mótið var í annað skipti hluti af Reyjavíkurleikunum, Reykjavík International Games. Mótið er innan mótaráðar Badminton Eurpoe og gefur stig á heimslista Badminton World Federation. Mótið tókst vel og fengum við hrós fyrir umgjörð og framkvæmd frá yfirdómara mótsins og frá Badminton Europe. Yfirdómarinn kom frá Portúgal. Hann gaf okkur einnig bestu einkunn fyrir framkvæmd, umgjörð, aðbúnað fyrir keppendur og allt starfsfólk mótsins. RÚV sýndi beint frá úrslitaleikjum mótsins en þetta er í þriðja sinn sem RÚV sýnir beint frá leikjum á Iceland International. Um 60 manns koma að vinnu við framkvæmd á þessu móti og vil ég nota tækifærið og þakka öllum sem lögðu hönd á plóg fyrir þeirra vinnu og framlag til að gera þessa keppni að veruleika, án þeirra gætum við ekki haldið mót eins og þetta.

Deildakeppnin var haldin í febrúar í TBR. Keppnisfyrirkomulag var með sama móti og síðastu ár. Færri lið skráðu sig til keppni en oft áður og er það áhyggjuefni. Yfirdómari var Laufey Sigurðardóttir.

Íslandsmót unglunga var haldið í byrjun mars og var það haldið í Reykjavík, í samvinnu við TBR. Fulltrúar TBR sáu um framkvæmd mótsins ásamt BSÍ og gerðu það með miklum sóma. Róbert Þór Henn var mótsstjóri en aðrir í mótsstjórn voru Árni Gestur Sigfússon og Margrét Gunnarsdóttir.

Meistaramótið var haldið í TBR í apríl en BSÍ sá um umgjörð og framkvæmd mótsins að stærstum hluta. Mótsstjóri var Kristján Daníelsson og yfirdómari var Laufey Sigurðardóttir. RÚV sýndi frá úrslitum mótsins en mótið var hluti af Meistaradögum á RÚV.

Að lokum viljum við benda á að við tökum við öllum ábendingum um það sem betur má fara sem og góðum hugmyndum í tengslum við allt mótahald.

F.h. Mótanefndar,

Margrét Gunnarsdóttir

Skýrsla Afreks- og landsliðsnefndar 2016 – 2017

Nú höfum við unnið eftir nýrri afreksstefnu í um eitt ár. Landsliðsþjálfarar okkar draga vagninn í því verkefni í samráði við framkvæmdastjóra og nefndina. Heilt yfir sýnist mér þetta hafa gengið vel þó alltaf sé eitthvað sem betur megi fara. Við höfum fengið ábendingar um það og reynum að sjálfsögðu að taka það til okkar og gera enn betur.

